

## Auðmjúk trúarhjarta.

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson.

Góður Guð sem gefur og tekur og gefur svo tvöfalt til baka. Alsnægtirnar búa hjá Drottni og þeir sem þar eru lifa við þessar alsnægtir. Nóg pláss er við borð Drottins. Allir sem vilja koma eru meira en velkomnir. Og enn er rúm. Málið er að hafa sig á staðinn og vera á réttum stað:

**„ Hann sagði þá við hann: Barnið mitt, þú ert alltaf hjá mér, og allt mitt er þitt. En nú varð að halda hátíð og fagna, því hann bróðir þinn, sem var dauður, er lifnaður aftur, hann var týndur og er fundinn. „ (Lúk 15:31-32)**

Hér talar Faðirinn við elsta drenginn sinn. Við strákinn sem aldrei fór neitt og var ávallt til staðar og tiltækur til sérhvers verks heimafyrir. Öndvert við yngri bróðir sinn sem stakk af og skildi allt fólkið sitt eftir heima áhyggjufullt og sorgmætt og óvist um hver afdrif drengsins yrðu í hörðum og syndum vöfðum heimi blekkinganna. En þangað fór sá yngri samt og sóaði öllu í allskonar ólífnað, hórdóm, víndrykkju, þjófnaði og félagskap með varasömu fólki næturrinnar.

En þar er komið sögunnar sem við vitnuðum í áðan að yngri sonurinn sem fór er aftur kominn heim til Föðurins og tilbúinn til að taka við hverju því starfi sem honum hugsanlega væri fengið á staðnum og byðist. Allt var nú nógu gott fyrir hann. Allt var betra heldur en vösbúðin og eymdin sem hann hafði lifað við kannski árum saman og var við að færa hann undir græna torfu.

Eins og sannra feðra er siður tók hann þessum syni sínum fagnandi og bauð hann velkominn. Og ekki bara það heldur lét hann slátra sjálfum alíkálfinum til að getað slegið upp ærlegri veislu og spara ekkert til svo að allt mætti verða sem veglegast og glæsilegast vegna kærkominna endurfunda með syninum sem dauðinn reyndi að merkja sér til eilífðar en varð að sleppa hendi af vegna ákvörðunar sem pilturinn tók, þá horfandi ofan í svínadallinn banhungraður og illa á sig kominn bæði líkamlega og ekki síst andlega.

Skoðum hugrenningar drengsins við eða í sjálfri svínastíunni:

**„ Þá langaði hann að seðja sig á drafinu, er svínin átu, en enginn gaf honum. - En nú kom hann til sjálfs sín og sagði: Hve margir eru daglaunamenn föður míns og hafa gnægð matar, en ég ferst hér úr hungri! Nú tek ég mig upp, fer til föður míns og segi við hann: Faðir, ég hef syndgað móti himninum og gegn þér. „ (Lúk 15:16-18)**

Við sjáum að drengurinn er kominn á vandan stað og stað sem margir því miður eru á í dag en vilja strangt til tekið ekki vera á. En öndvert við yngri strákinn sem gekk í sig sjálfan vakna þeir ekki né heldur taka á sig rögg heldur láta áfram berast í sinni eymd fljótandi um í daunillu og hættulegu fljóti örvæntinganna og ódaunsins.

Munum að margt af þessu fólki sem þannig er ástatt um, já hér og nú, þekkir Föðurinn og hefur dvalist í hans ranni um langa eða stutta hríð sem endurfæddar manneskjur og notið velgjörðanna sem þar eru en fóru samt. Þeir þekkja verk Drottins í sínu lífi, alveg eins og yngri sonurinn í sögunni gerði. En samt er farið og ævintýranna leitað sem vitaskuld komu aldrei vegna þess að þau eru ekki til og hafa aldrei verið til og verða heldur aldrei til nema í hugskoti manna sem vilja leita út í eitthvað sem þeir hvorki þekkja né bera neitt skynbragð á. Og fá að kenna á því. Þetta heitir að hafa óstöðugt hugarfar og geta ekki valið hvar þeir vilja í lengjast. Þeir stoppa hvergi.

Og vegna þess að svona er í pottinn búið sjá þeir ekki besta staðinn fyrir sig sem þeir jafnvel standa á og búa í. Hvað heitir þetta svo? Hvað annað heldur en skortur á þakklæti og búa yfir vanþakklátu vantrúarhjarta. Mikið vanþakklæti er í gangi og margir kóngar sem vilja ráða og ríkja og láta aðra bugta sig og beygja fyrir sér. Hér er ákveðið vandamál sem mannkyn allt glímir við og hefur lengi gert. Ekkert er nýtt undir sólinni. Ekki heldur afstaða Föðurins til barna sinna sem snúa við. Hún er hinn sama með slátruðum alíkálf, veisluhöldum og gleðisöngvum á himni. Allt vegna kærleika Drottins, náð hans og fyrirgefningu. Þessi þrenning, kærleikur, náð og fyrirgefning gildir enn fyrir mannanna börn.

Þetta fékk yngri sonurinn að reyna er hann uppgefinn, lafhræddur og að dauða kominn vegna atgangsins og lifnaðar síns í heiminum sem hann ætlaði að freista gæfunnar í en gersamlega tapaði fyrir. Og er ekki einn um það. Þar á hann marga þjáningabræður sem vildu freista gæfunnar en supu þess í stað úr ausu dauðans sem ávöxt af eigin vali. Hversu marga skildi eigið val hafa fellt sem auðmýkt gagnvart lifandi Guði og vilji hans í eigin lífi hefði forðað frá að hafna ofan í?

Sagan endar því miður ekki með ákvörðun yngri sonarins og að hann drattist heim nær dauða enn lífi fullur iðrunar og sektarkenndar. Hér stöndum við nefnilega frami fyrir vandamáli innan raða kirkjunnar, eða, segjum, hluta safnaðarins, sem fer að spyrja. Og af öllum spurningunum kemst dómariinn í sitt sæti jafn afleitur og hann nú er sem dæmir án þess að grennslast fyrst fyrir um það hvað sé rétt og rangt í málinu og fer að hlutast til um það sem honum raunverulega kemur ekkert við með þá vitneskju til hliðsjónar að Jesús Kristur einn velur við hverjum hann tekur og hverja hann hefur í sínu ranni og hverjum hann vill miskunna, náða og fyrirgefa. Engin safnaðarmeðlimur hefur neitt með þetta að gera. Nýtur hann enda sjálfur náðar algóðs Guðs og á bara að láta sér slíkt nægja og vera þakklátur fyrir hvern sem kemur inn hvort sem er í fyrsta skipti eða hefur verið þar áður og jafnvel gengt ábyrgðarstöðu innan safnaðarins en hrasað um eigin fætur og eigin girnd.

Skoðum viðbrögð eldri sonarins:

**„ Hann svaraði: Bróðir þinn er kominn, og faðir þinn hefur slátrað alikálfinum, af því að hann heimti hann heilan heim. Þá reiddist hann og vildi ekki fara inn. En faðir hans fór út og bað hann koma. En hann svaraði föður sínum: Nú er ég búinn að þjóna þér öll þessi ár og hef aldrei breytt út af boðum þínum, og mér hefur þú aldrei gefið kiðling, að ég gæti glatt mig með vinum mínum. En þegar hann kemur, þessi sonur þinn, sem hefur sóað eignum þínum með skækjum, þá slátrar þú alikálfinum fyrir hann. Hann sagði þá við hann: Barnið mitt, þú ert alltaf hjá mér, og allt mitt er þitt. „ (Lúk 15:27-31)**

Það verður bara að segjast eins og er að afstaða eldri stráksins gagnvart fólki sem fellur frá en snýr sér svo við er oft afskaplega fráhverf og viðsnúna fólkinu andstæð. Gildir þá einu þótt sönn iðrun sé til staðar í hjartanu sem búið er að fylla með auðmýkt og eftirsjá yfir því sem gerðist og einkum því að hafa syndgað gegn Guði og brugðist honum með sínu hátterni. Hér erum við kominn að stóru vandamáli sem tilherir söfnuði Guðs sem einvörðungu fæst læknað með því að menn, hver og einn, taki í sína þjónustu kærleikann eins og Jesús gerði og bar með sér hvert sem hann fór. Í slíkum kærleika sjáum við fólk eins og Faðirinn gerði í sögunni og við finnum í Lúkasarguðspjalli í fimmtánda kaflanum. Í kærleikanum nær dómariinn ekki fótfestu með sína oftast nær harðneskjulegu og arfavitlausu dóma.

Afstaða hins eldri bendir á óánægju hans. Að hann hafi ekki verið sáttur með það sem hann gerði né heldur hversu lítið hann bar úr bitum hjá Föðurnum sem hann starfaði trúfastlega fyrir og lét sig aldrei vanta þegar verk voru annars vegar á akrinum eða hvar sem var. Alltaf tiltækur. Og honum misbíður ákvörðunin sem Faðir hans tekur yfir þessum dreng sem eflaust hefur valdið sinni sorg í þeirra röðum jafnvel árum saman vegna hátternis síns.

Það sem hins vegar eldri bróðirinn sá ekki en blasti samt við augum Föðurins var breyttur maður, annað hugarfar, auðmýkt, þakklæti. Og hvers vegna sá Faðirinn það sem hinum var um megn að koma auga á? Jú, hjarta Föðurinn var fullt af kærleika, náð og fyrirgefningu en hjarta hins fyllt með gremju og biturleika. Kannski vegna meðferðarinnar á sér sjálfum að eign álitu.

Bræður og systur! Margir þreystast á göngunni með Jesú. Og í stað þess að vera viðvarandi glaðir eins og þeim er þó boðið að vera, öll gæði Guðs eru jú þeirra, þá mæðast þeir. Vissulega ganga þeir veginn sem Jesús er á en samt ekki með réttu hugarfari. „**Barnið mitt, þú ert alltaf hjá mér, og allt mitt er þitt.** „ Þessi orð gilda ekki bara stundum heldur alltaf og á hverjum nýjum degi sem við fáum að vakna inn í:

**„ En nú varð að halda hátíð og fagna, því hann bróðir þinn, sem var dauður, er lifnaður aftur, hann var týndur og er fundinn.** „ (Lúk 15:32)

**„ Jesús sagði þá við hann: Í dag hefur hjálpræði hlotnast húsi þessu, enda er þessi maður líka Abrahams sonur. Því að Mannssonurinn er kominn að leita að hinu týnda og frelsa það.** „ (Lúk 19:9-10)

Þessi Orð Drottins og þegar hann uppsker týndan son sinn heim aftur ætti slíkt ekki að vekja okkur sem aldrei fórum neitt fögnuð? Við erum hér að tala um mann sem kominn er yfir frá dauðanum til lífsins. Við sjáum að hér er ekkert gamanmál á ferðinni. Vissulega. En hví breytum við þá svo oft eins og eldri sonurinn sem setti upp skritinn svip og varð svo öskureiður og byrjaði að ásaka föður sinn vegna gæsku hans og góðmennsku?

Svarið við spurningunni liggur ljóst fyrir og heitir skortur á trú og trúarlíf sem annaðhvort hefur gleymt kærleikanum eða aldrei hleypt honum að sér né heldur skilið hvað kærleikur Guðs sé í framkvæmd. Að vera þakklát manneskja kemur af kærleikanum til Drottins sem og er ástæðan fyrir að við hvetjum fólk stöðugt til að vera þakklátt. Af kærleikanum sprettur svo ýmislegt annað sem gleður hjarta Drottins. Hann eykur manninum trú er hann sér verk Drottins gerast fyrir augum sér. Og mesta gleðin verður, eða ætti í það minnst að vera, er örþreytt sál gefst upp í heiminum, hleypir í axlirnar og gengur til liðs við Jesús sem hressir hann við og fær honum sætið sem honum var ætlað. Og hann slær upp veislu og bíður okkur sem fyrir erum að gleðjast með sér. Við sjáum að eldri sonurinn var ekki tilbúinn í nein gleðilæti og alls ekki af tilefninu. Hann bar beiskju í garð bróður síns. Finnst okkur það vera rétt. Vitaskuld ekki. Samt bregst hluti, til að mynda safnaðarins, oft svona við. Við getum ekki þrætt fyrir þetta vegna þess að við höfum rekið okkur á slíka afstöðu sem þó gengur þvert á vilja ritningarinnar sem öndvert er skír vilji Guðs með okkur sem honum tilheyrur.

Haldi einhver að orð eldri stráksins og ásakanir hafi glatt hjarta Föðurins á sinni einlægu og mestu gleðistund að þá er um misskilning að ræða. Þvert á móti hryggði þetta harða hjarta sem þarna mætti honum hann. Er alltént álit höfundar og styðst við þau rök og sannleika að Guð er eintómur kærleikur og tekur hlutverk sitt með manninn mjög alvarlega.

Hvert og eitt okkar sem njótum náðar Drottins erum verði keypt og Orðin sem við lásam áðan og enda svona „ Allt mitt er þitt „ - eru fyrirheiti sem enn eru í fullu gildi fyrir hina trúuðu.

Að bregðast algóðum Guði er iðrandi manninum erfiðast. Þetta kemur fram hjá Davíð konungi sem brást Guði hrapalega er hann féll í sína synd og flekaði Betsebu og átti með henni barn og lét myrða Úríá, mann Betsebu og einn af sínum traustu og bestu hermönnum, með því senda hann þangað sem stríðið var harðast og skipa mönnunum sem voru með honum að hörfa undan og láta Úríá þennan einan eftir, umkringdan óvinahermönnum. Með þessu vildi Davíð hylja slóð sína sem syndin bjó til hjá honum. Við sjáum hvert syndin fær leitt menn:

**„ Drottinn, opna varir mínar, svo að munnur minn kunngjöri lof þitt! Þú hefir ekki þóknun á sláturförnum annars mundi ég láta þær í té og að brenniförnum er þér ekkert yndi. Guði þekkar fórnir eru sundurmarinn andi, sundurmarið og sundurkramið hjarta munt þú, ó Guð, eigi fyrirlíta. „ (Sálm 51:17-19)**

Hvort textinn tengist iðruninni sem greip hjarta Davíðs eftir að hann rankaði við sér og gerði sér grein fyrir syndabælinu sem hann hafði komið sér fyrir í, veit höfundur ekki um. Samt er ljóst að hér má sjá sanna iðrun manns sem þráir það eitt í sínu lífi að fá að gera vilja Drottins og opinbera öðru fólk dýrð hans og vegsemd. Þarna kemur líka eilítið inn á verk okkar mannanna. Drottinn metur nefnilega meira hið auðmjúka og trúaða hjarta mannsins heldur en nokkru tíman verkinn sem hann vinnur. Þau er samt brýn og allt saman það en geta ekki komið í staðinn fyrir trú og að vera í stöðugu og beinu sambandi við hjarta lifandi Guðs.

Þá er komið að spurningunni til þín. Hún er svona! Langar þig til að vera með? Langar þig til að stuðla að veislu í ranni Drottins í himinhæðum? Langar þig til að eignast fyrirheitið sem segir: „ Allt mitt er þitt? “

Þessi spurning og þetta boð hefur heyrst síðan trúboð hófst fyrst á jörðinni eftir að Kristur fyrirskipaði lærisveinunum að fara út í heim og boða öllu fólki fagnaðarerindið og steig svo til himins og settist við hægri hendi Föðurins, þar sem honum var búin staður. Og hvað eru orðin „ Allt mitt er þitt „ – talað af vörum Föðurins, sem getur ekki sagt ósatt annað en fagnaðarboðskapur? Þau bera í sér alsnægtir sem ég og þú höfum fullan aðgang að hvenær sem þörf er. Og allt sem þarna er boðið upp á er ókeypis og kemur vegna þess að við trúum honum sem Faðirinn sendi í heiminn til að bera í burt syndirnar og frelsa manninn undan henni og helsti hennar. En þakklætið þarna kemur ekki nema fyrir trú og af auðmjúku hjarta sem lítur Drottinn réttum augum og þekkir kærleika hans og reynir að líkja eftir þessum kærleika í eigin lífi. Og til þess nægir ekki að vera bara „ sunnudagstrúaður “ og vera með einhverja tilbúna og manngerða frasa. Fremur skal ástunda sína trú á hverjum degi í heiðarleika og skilja hvað maður sjálfur á og út á hvað þetta allt saman gengur. Hinn týndi og frelsun hans er markmiðið. Líka sá sem fellur frá og sólundar eigum sínum í skækjur og óhófsömum lifnaði og veldur þeim sem heima eru ómældri hugarkvöl og áhyggjum.

Sagan um týnda soninn er um þetta. Hún sýnir okkur glögglega hjarta Föðurins til allra manna hvar í stétt sem er og einnig í afstöðu eldri sonarins. Þar getum við séð okkur sjálf og hvernig við bregðumst stundum við er bróðir eða systir fellur og fer að velta sér upp úr sinni gömlu spýju og gamla saur. Vissuleg bakar þetta fráfallna fólk sér tjón með uppátæki sínu og röngu vali. En safnaðarins er ekki að bæta gráu ofan í svart er þetta fólk loks snýr við heldur skal hann undireins hefja uppbyggingarstarfið og horfa á Jesús um leið. Það er aðferðin sem Drottinn bendir okkur á og í raun eina færa leiðin eigi dómhörkunni ekki að takast að komast að með sína handónýtu og oftast nær röngu dóma. Jesús er nefnilega höfundur kærleikans og í kærleikanum hefst þetta.

Munum einnig að enginn ræður yfir lífi annarra manna. Allir velja fyrir sig. Og við vitum að stundum er val mannsins rangt. Sumir sjá að sér í tæka tíð og ná að snúa sér frá spýjunni. Aðrir gera það ekki og jafnvel falla í valinn Guðvana og honum eilíflega glataðir. Svo alvarlegt er málið þegar öllu er á botninn hvolft. Að berja á manni sem þannig endurheimtist úr gröf dauðans er skelfilegur gerningur og má bara ekki gerast. Kærleikurinn bræður og systur viðhaldist og vaxi skref af skrefi. Guð mun sjálfur sjá um það mál.

Jesús er lausnarinn sem leysir fólk undan bindingum og helsti syndarinnar sem er hér til að afvegaleiða fólk og dæla yfir það blekkingum og lygum djöfulsins sem eins og áður talar fagurgala til manna og kvenna sem hefur það eitt að markmiði að viðhalda í því sjálfum dauðanum í stað lífsins sem Jesús kom til að gefa og getur einvörðungu gerst með því að segja já við Jesús. Málið hjá ódámnum er að koma í veg fyrir þetta mikilvæga „ já “ hjá fólki.

Hver sem hlustar á fagurgala djöfsa er merktur dauðanum og á ekki í sér líf svo lengi sem hann heldur sér við sinn steðja og sitt heygardshorn og lætur matast af þessum ódámi sem kann ekkert nema lygar og meira af lygum.

Endum þetta með þessum Orðum Lúkasarguðspjalls:

**„ Því að þessi sonur minn var dauður og er lifnaður aftur. Hann var týndur og er fundinn. Tóku menn nú að gjöra sér glaðan dag. En eldri sonur hans var á akri. Þegar hann kom og nálgadist húsið, heyrði hann hljóðfæraslátt og dans. Hann kallaði á einn piltanna og spurði, hvað um væri að vera. Hann svaraði: Bróðir þinn er kominn, og faðir þinn hefur slátrað alikálfinum, af því að hann heimti hann heilan heim. Þá reiddist hann og vildi ekki fara inn. En faðir hans fór út og bað hann koma. En hann svaraði föður sínum: Nú er ég búinn að þjóna þér öll þessi ár og hef aldrei breytt út af boðum þínum, og mér hefur þú aldrei gefið kiðling, að ég gæti glatt mig með vinum mínum. En þegar hann kemur, þessi sonur þinn, sem hefur sóað eigum þínum með skækjum, þá slátrar þú alikálfinum fyrir hann. Hann sagði þá við hann: Barnið mitt, þú ert alltaf hjá mér, og allt mitt er þitt. En nú varð að halda hátíð og fagna, því hann bróðir þinn.**

**sem Jesús afhjúpar blekkingar**

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

Í heiminum er stórt, öflugt og illviðráðanlegt vandamál sem engum manni mun takast að sigrast á né heldur koma á skikki sem telst ásættanlegt fyrir stöðu og rétt mannsins. Vandamálið sem rætt er um er stærra en svo að maðurinn fái yfirstigið það með eigin aðferðum og þekkingu. Væri slíkt mögulegt værum við ekki hér að ræða þetta mál og sigurinn fyrir löngu kominn í farsæla höfn. En staðan er bara ekki á þessum nótum heldur önnur og verri í fögrum en vanstilltum heimi.

Hér er fast að orði kveðið og lítið gert úr getu manna sem geta þó svo ótal margt. En því miður bæði til góðs og ills. Gleytum ekki því.

Það sem hér er sagt er sannleikur sem allir geta séð. Sannleikur sem hefur fylgt mannkyni frá örófi alda og menn í raun glíma enn þá við með jafn litlum árangri og alltaf hefur verið. Samt er til leið sem svo fáir sjá og enn færri finna. Vegurinn til lífsins er afskaplega mjór, öndvert við breiðgötuna til glötunar sem og obbi mannkyns gengur eftir.

Til að skilja betur hvað hér er nákvæmlega átt við þurfum við að fara allt til byrjunarinnar er Guð skóp fyrstu mannverurnar í heiminn.

Í Biblíuna 1 Mósebók og þar í kafla þrjú finnum við eftirfarandi texta:

**„ Þá sagði konan við höggorminn: Af ávöxtum trjáanna í aldingarðinum megum við eta, en af ávexti trésins, sem stendur í miðjum aldingarðinum, af honum, sagði Guð, megið þið ekki eta og ekki snerta hann, ella munuð þið deyja. Þá sagði höggormurinn við konuna: Vissulega munuð þið ekki deyja! En Guð veit, að jafnskjótt sem þið etið af honum, munu augu ykkar upp ljúkast, og þið munuð verða eins og Guð og vita skyn góðs og ills. En er konan sá, að tréð var gott að eta af, fagurt á að líta og girnilegt til fróðleiks, þá tók hún af ávexti þess og át, og hún gaf einnig manni sínum, sem með henni var, og hann át. Þá lukust upp augu þeirra beggja, og**

**þau urðu þess vör, að þau voru nakin, og þau festu saman fíkjuiðarblöð og gjörðu sér mittisskýlur.** „ (1Mós 3:2-7)

Hið óviðráðanlega og ósigrandi vandamál sem fylgt hefur gervöllu mannkyn er komið fram og jafn óviðráðanlegt þá eins og það er nú.

Og hvað skildi þetta ósigrandi vandamál mannsins svo heita?

Biblían kallar það synd.

Takið eftir því að höggormurinn sem var við tréð laug að konunni og sagði við hana að ekkert myndi gerast þótt hún æti ávöxtinn þótt konan vissi vel að hann væri forboðinn og að Guð hafi áður varað þau við að neyta hans og eða snerta. Engin gælir né leikur sér við syndina og sleppur frá sínum leik án stórfellds skaða. Syndin er grimm og lævís og hver sem nuddar sér upp við hana mun fá krumlu hennar í sig og bíða af tjón. Syndin er ekki leikfang heldur dauðans alvara:

**„ En af skilningstrénu góðs og ills mátt þú ekki eta, því að jafnskjótt og þú etur af því, skalt þú vissulega deyja.** „ (1Mós 2:17) – Guð talaði og varaði fólkið sitt við afleiðingum af fyrst og fremst óhlýðninni við sitt Orð. Guð er sannleikur og ræður fólki heilt. Vandamálið þá og nú er að fólk hlustar ekki á ráðleggingar Drottins og sumt af hans eigin liðsmönnum á oft í mesta basli með slíkt en hafa þó allt í sér til að vera hlýðnir vilja hans. Heilagur Andi sér til þess. Að hindra Anda Guðs í verki er grafalvarlegt mál fyrir trúarlíf mannsins. Kristinn maður er verði keyptur. Sonur Guðs galt fyrir afbrotið sem gerðist við skilningstré góðs og ills með eigin dýrmæta blóði.

Við sjáum af þessu hvar syndarinn er gagnvart Guði og vonlausa stöðu hans nema játunin komi til. Maður undir hæl syndarinnar er upptekinn, gagntekin og heltekin af lygum hans sem sat við þetta tré og tókst að blekkja fólkið og ljúga á sitt band með fagurgala og sannfærandi málflutningi sínum. Þetta gerir hann enn með sama hætti og sömu flauelsmjúku rödd og sannfæringarkrafti. Hann veit hvernig hold mannsins er. Veit hvað það girnist og langar til að gera. Á þessum sviðum líka starfar hann og nær góðum „árangri.“ Ef árangur skildi kalla.

Í verkum Satani er ekkert líf bara dauði og andstygð. Satan leiðir manninn ekki til Guðs heldur þvert á móti æ lengra inn í myrkrið, sem er hans og staðurinn sem honum líður best á.

Og vegna holds mannsins sem kemur ávallt gegn vilja Guðs stenst ríki Satans enn í dag og ekkert hefur í raun og veru breyst. Þetta ríki er og hefur frá fyrstu tíð verið byggt á stórfeldum lygum. Hann heldur völdum með sömu aðferð og blekkir fólk og telur því trú um að rangt sé rétt og ekkert háskalegt að ástunda það sem er rangt. Syndin veður yfir eins og óstöðvandi, daunillt og lífvana fljót. Þannig smá saman fer allt á haus hjá manningum og sífellt versnandi á til að mynda sviði stjórn mála, viðskipta og margra annarra þátta mannlífsins. Ekki ræðst við eitt né neitt. Allt verður stjórnlaust og hver tilraun til að bæta um og gera betur brotin á bak aftur í ósætti og útpynntum niðurstöðum sem engu skila til bóta þótt svo sé látið í veðri vaka og reynt.

Allt siðferði og réttlæti er í molum. Af þessu fjötrast fólkið og festir sig sjálft með böndum ranglætisins sem því er ógerningur að losa af sér. Böndin eru svo vel falin að menn sjá þau ekki og vita oft ekki af hvað þá meira. Samankomin reiði magra magnast upp. Afleiðingar reiðinnar eru alvarlegar og hrikalegar. Menn fá ekki útrás fyrir reiðina með ofbeldisaðgerðum heldur festa þær reiðina í sessi. Fyrirgefningin ein er virkt meðal gegn reiði.

Og þetta heldur áfram. Undir kringumstæðum viðvarandi blekkinga byrja menn að kveinka sér en vita oft ekki hvers vegna þeir eru að kveinka sér. Þeir verða fyrir óréttlæti þótt þeir að eigin mati hafi ekki unnið til þess sem ávallt er þó umdeilanlegt og þarf að skoðast í hverju tilviki fyrir sig til að hið sanna komi fram. Þegar tveir deila er annar aðilinn aldrei algerlega saklaus og hinn með alla sektina

á sínum herðum. Deilur eiga sér yfirleitt og alltaf aðdraganda. Sumir eru hyggjir og sjá í hvað stefnir og reyna að leita sátta áður en þeim mætir stálin stinn. Aðrir fara ekki inn á sömu braut og fá að kenna á því. Og allt fór upp í loft með öllu sem því fylgir. Hyggji og viska ásamt sáttatóni, bræður og systur er oft afskaplega vanmetið afl í lífi manna. Og enn má leita á náðir Biblíunnar eftir gildu svari:

„ **Vertu skjóttur til sátta við andstæðing þinn**, meðan þú ert enn á vegi með honum, til þess að hann selji þig ekki dómaraum í hendur og dómariinn þjóninum og þér verði varpað í fangelsi. „ (Matt 5:25)

Textinn ber ljóslega með sér að Drottini er engin hlutur hulin sem viðkemur lífi mannsins. Hann veit af þessum göllum hans og kemur inn með ráð sem duga. Drottinn er Guð lausnarinnar. Og þar sem er lausn þar er líka friður og spekt. En eins og gildir almennt um ráð frá öðrum, og líka sjálfri viskunni, hún lýtur þessu lögmáli eins og annað í voru lífi, að sé ekki farið eftir gefnum ráðum liggur fyrir að þau gagnast þá fólki ekki neitt.

Sjálfskoðun, þótt gangleg sé rétt notuð og hyggjindin með í för, knýr samt ekki ávallt hið rétta fram. Mennt geta verið svo gersamlega blindir á eigin galla að sjálfskoðun er þeim algerlega gagnslaus á einhverjum sviðum lífsins. Þeir sjá ekki sjálfir hví svo er komið fyrir sér. Þetta getur líka verið vegna afneitunar. Afneitun er ákveðin blekking sem grípur fólk sem ekki stendur nauðsýnlega varðstöðu og neitar að hleyppa viskunni að sér. Afneitun er í raun réttlætning eigin verka og gjörða. Sama hversu hroðaleg verkin svo voru. Svona getur maðurinn nú verið í kalli sínum kærui vinir. Þar er ýmislegt sem þarf að komast í betra lag.

Viskan er gríðarlegt- og bætandi afl. Fólki líður illa í hjartanu en veit ekki alltaf raunverulega ástæðu. Af þessu spretta ásakanir og þeir byrja kenna hverjir öðrum um eigin ófarir og hví svo er komið hjá sér. Allt hluti af blekkingarleiknum og til þess gert að viðhalda ríki Satans sem kyrfilegast. Enda vont ríki í eðli sínu og dagarnir vondir undir stjórn þess.

Biblían kennir að Satan sé á jörðinni til að stela, slátra og eyða og draga alla með sér niður þangað sem honum og árum hans og þúkum er búin staður og allir sem honum fylgja munu hafna á. Satan fær ekki umflúið eigin dóm. En hann er hér ennþá og verður uns Jesús kemur og varpar honum ofan í eldsdíkíð eins og Biblían talar um. Allt eins og var frá fyrstu tíð við skilningstré góðs og ílls er Eva lét tælast af orðum höggormsins og át og fékk mann sinn Adam til að eta með sér. Síðan þá glímum við glímu sem engin maður fær sigrað nema hann hleyppi fyrst frelsaranum inn í sitt hjarta sem tekur þá við og maðurinn verður sigurvegari með honum en ekki í sér sjálfum. Jesú vann nefnilega fullnaðarsigur á Satani. Öndvert við manninn sem var gersigraður af sömu persónu.

Hlustið nú vel á! Satan var sigraður með sannleikanum. Sannleikurinn afhjúpar veldi hans. Og eftir að við höfum heyrt og eftir að við höfum meðtekið þá fyrst getum við farið að tala um stórfelldar blekkingar og háskalegan leik sem við áður lékum en vissum ekki í raun hver var né heldur þekktum eikreglurnar og hvert leikur sá myndi að lokum leiða.

Nú hins vegar vitum við hið rétta. Við höfum fundið svarið. Svarið viðhelst svo í trúnni sem öndvert þiggur næringu af ástundun trúarinnar á réttan hátt. Allt byggt á heilögu Orði Guðs.

Biblían talar um eldsdíkíð og bók sem upp verði lokið og að hver sem ekki hefur nafn sitt ritað í þessari bók verði vægðarlaust varpað í þetta sama hræðilega eldsdíkí ásamt Satani og hyski hans, sem fólkið hvort eð er valdi fyrir sig að fylgja og vildi ekki láta sér segjast né heldur sann færast af sannleikanum sem aftur og ítrekað knúði dyra en var aldrei hleypt inn. Við erum án allrar afsökunar. Guð leifir fólkinu sjálfu að velja og stígur ekki fram fyrir val mannsins. Hann reynir þó að beina manninum af sinni röngu og háskalegu braut hörmunganna og unír sé engra hvíldar við sitt verk. Það vitum við. En sama á hverju gengur þá hefur maðurinn sitt frjálsa og algera val. Guð

hefur talað og Orð hans eru í öllum atriðum áreiðanleg og sönn. Sannleikurinn vann ekki á þessu fólki sökum hörku hjartans. Við sjáum að hér er talað um grafalvarlegt mál. En hver skilur mannhjartað?:

**„ Og dýrið var handtekið og ásamt því falsspámaðurinn, sem táknið gjörði í auglýsingu þess, en með þeim leiddi hann afvega þá, sem tekið höfðu við merki dýrsins, og þá, sem tilbeiðið höfðu líkneski þess. Báðum þeim var kastað lifandi í eldsdíkíð, sem logar af brennisteini. „ (Opb 19:20)**

**„Og dauðanum og Helju var kastað í eldsdíkíð. Þetta er hinn annar dauði, eldsdíkíð. Og ef einhver fannst ekki skráður í lífsins bók, var honum kastað í eldsdíkíð. „ (Opb 20:14-15)**

Við sem höfum Orð Guðs á vörum okkar og meðtekið Jesús inn í hjartað gerum okkur grein fyrir alvöru málsins og trúum og vitum að svona er þetta og ekkert öðruvísi. Og við tölum og hvetjum fólk til að framganga í sannleika en ekki í falsi né blekkingum. Þarna á milli er í raun örstutt leið og menn gæla ótrúlega oft við holdið og langanir þess og þrár og falla.

Fornleifafræðin og sögufræðingar, virtir menn og konur, hafa sannað að Jesús var uppi á þeim tíma sem Biblían segir hann vera og að hann hafi unnið mörg óvenjuleg verk. Vel má halda því fram að fornleifafræðin sé besti vinur Biblíunnar og allra kristinna manna með öllum sínum grúa uppgötvanna, niðurstaðna og birtinga á alþjóða vettvangi.

Ef við skoðum Biblíuna og einkum Guðspjöllin fjögur komumst við að raun um að líf Jesús var mesta þrautaganga allt frá þeim tíma sem hann hóf þjónustu um þrítugt og uns hann endar sitt æviskeið negldur á höndum og fótum á krossi sem vitað er að stóð á hæð sem heitir Golgata.

Ef Kristin trú er bara ein blekkingin til viðbótar öllum hinum sem viðgangast í heiminum er ljóst að þá var Kristur einnig að blekkja og hefur misskilið tilgang sinn á jörðinni með því sem hann vann og sagði og eftirlét komandi kynslóðum og við finnum og getum lesið og fræðst um í Biblíunni. Hvílikur skaði væri það fyrir mannkynið reyndist þetta á rökum reist. En svona er málið ekki vaxið og engin vafi leikur á því að Kristur var uppi og að hann sé Sonur Guðs og gekk um í holdi sem aðrir menn og var í engu ólíkur mönnum þess tíma. Eina sem gerði hann ólíkan var getnaðurinn. En hverjir af samtíma hans vissu um þetta atriði aðrir en Jósef og María?

**„ Og hann sagði við þau: Hvers vegna voruð þið að leita að mér? Vissuð þið ekki, að mér ber að vera í húsi föður míns? „ (Lúk 2:49)**

Hér er Jesús bara 12 ára gamall en samt orðin handviss um sitt og hver tilgangur sinn sé. En María og Jósef urðu hrædd og óttasleginn. Þau höfðu ekki sama skilning og drengurinn þótt ljóst væri og bæði vissu og voru á sínum tíma sannfærð um að væri í heiminn kominn á einstakan og yfirnáttúrulegan hátt og að Guð aldanna væri að vinna mikilvægt og sérstakt verk sem myndi gagnast Ísraelsmönnum og jarðarbúum öllum til frelsis og heilla:

Hafi einhver minnsti efi ríkt í hjarta Jesús um hlutverk sitt hér er höfundurinn til efa að hann hafi þá verið tilbúinn til að þola allt sem hann þoldi og að ganga í dauðann eins og hver annar ótíndur sakamaður og glæpamaður. Hafi efinn verið tiltækur í hjarta hans þá hlaut hann, það liggur í hlutarins eðli, að bera hönd fyrir höfuð sér og gera sitt til að sleppa við svo grimmileg örlög sem krossfestingin óneitanlega var, og verða á ný frjáls maður og taka til við trésmíðarnar, eins og sagan segir að Jesús hafi verið menntaður til og starfað við um tíma.

En hann gerði það ekki. Frá upphafi var honum nefnilega ljóst hverjum hann tilheyrði og hver sá var sem sendi hann. Algóður Guð sem var um það bil að leysa hlekki og fjötra blekkingarinnar af þjóð sinni og heiðingjunum einnig með Orði sannleikans:



**Pá sagði Jesús: Faðir, fyrirgef þeim, því að þeir vita ekki, hvað þeir gjöra. En þeir köstuðu hlutum um klæði hans og skiptu með sér. „ (Lúk 23:34)**

Þessi Orð Krists á krossinum eru góð vísbending um að Jesú vildi byggja sitt ríki á kærleika, elsku og fyrirgegningu en ekki sama grunni og er við lýði í ríki mannsins.

Ríki Guðs stendur enn á þessum mikilvæga grunni fyrirgefningarinnar og kærleikans og „ Þú skalt elska náungann eins og sjálfan þig. „ Allt þetta má segja að komi fram í Orðum frelsarans á krossinum: „ Faðir fyrirgef þeim...“ –

Einnig er ljóst að engin maður fær mælt slíkt nema sá einn sem er gegnsýrður og gegnsmurður af elsku og kærleika til allra manna og veit um syndina og afleiðingar hennar fyrir allt mannlíf og hann sem hefur vald syndarinnar og blekkir allt fólk til fylgis við sig með stóreflis lygum sem mannlegur máttur fær ekki séð við. Höfum hér hugfast að engin mannlegur kærleikur hefur nægan þrótt, getu né vilja í svona verk á sinni ögurstund heldur kærleikur sem kemur frá Hæðum og er þá Guðlegur kærleikur. Það var slíkur kærleika sem streymdi frá hjarta Jesús þarna á krossinum er hans saklaus beið dauða síns.

Syndin, bræður og systur er ægilegt vopn. Við þetta vandamál glímum við allt til dagsins í dag. Syndin birtist okkur í ýmsum myndum. Nýjasta birtingarmyndin er hrun íslenska bankakerfisins. Menn vita og gera sér grein fyrir að fyrir hrúnið var beitt stórfelldum lygum og allskonar skollaleikir leiknir til að hylja slóð og aðra og lofbrýr og loftkastalar byggðir sem allir vita að tilheyra ekki sannleikanum. En hugsanlega mátti nota þetta á pappírnum um stundarsakir. Til frekari blekkinga og viðhalds leiksins. Allt til að blekkja og hindra sannleikan í að ná fram sem þó lætur ekki stöðva sig til lengdar heldur brýst fram í sínum afhjúpanði og bætandi tilgangi. Ekkert hefur breyst og svona hefur þetta verið frá örófi alda.

Syndin, sem við glímum enn við með jafn litlum árangri og áður, teygir anga sína til skilningstré góðs og ills, allt til þess tíma er Satan rændi hér völdum. Valdarán hans felst í hjarta manneskjunnar. Þar liggja tókin. Hjartanu var raunverulega rænt frá Guði og ástæðan fyrir að Guð kallaði:

**„ Drottinn Guð kallaði á manninn og sagði við hann: Hvar ertu? „ (1Mós 3:9)**

Guð kallaði á anda mannsins sem nú var vikin frá honum og meðvitund um synd kominn inn í staðinn sem hann áður þekkti ekki. Aðskilnaðurinn við Guð er alvarlega atvikið í málinu. Þarna hrundi brúin yfir gjá dauðans. En þessi brú reis á nýjan leik og er á vegi Drottins sem engin getur farið um nema að segja já við Jesús.

Jesú kom til að sækja eign Föðurins og færa honum hana aftur. Enda skaparinn og lögmætur eigandi hverrar sálar sem hér er.

Þetta hefur heldur ekkert breyst og getur verið prýðileg fræðsla um afstöðu skaparans til fóstureyðinga. Að þær skuli viðgangast í heimi svo menntaðra þjóða sem vesturlöndin eru er enn ein aðferð Satans til að blekkja og valda skaða á mannlífinu sem Drottinn á, annast, elskar og kom í heiminn til að deyja fyrir og fullkomnaðist á krossinum og var endanlega staðfest í upprisunni.

Eftir því sem fráharf mannsins frá Guði gerist meira verður auðveldara fyrir fylgismenn og talsmanna fóstureyðinga að halda sínu á lofti og afla þeim fylgis. Svo fá löggjafarþing þjóðanna málið til umfjöllunar og afgreiðslu og til verða mestu ólög og fjandsamleg mannlegu lífi á jörðinni.

Fóstureyðing er lífinu fjandsamleg fyrir þær sakir að allt fólk verður til með nákvæmlega sama hætti. Líka þeir sem búa lögin til. Sæði föður rennur saman við egg móður. Þarna, á þessum

tím punkti byrjar líf einnar manneskju. Að 9mánuðum liðnum fæðist manneskja með allt í sér sem henni er ætlað. Og þroskagangan hefst.

Samkvæmt lögum sumra landa er ekki líf til fyrr heldur en eftir svo og svo margar vikur. Hér er enn ein blekking blekkingarmeistarans á ferð og til þess eins gerð að fjarlægja líf úr móðurkviði. En nú með aðstoð laganna. Aðgerðin er gerð lögleg.

Bræður og systur. Lífið kviknaði við samruna eggs og sæðis og þannig erum við öll orðin til. Hver getur þrætt fyrir þetta?

Trú mannsins sannfærir um synd, réttlæti og dóm. Hún er aflið sem er fært um að viðhalda góðum gildum og er um leið hvatning til allra kristinna manna og kvenna að standa sína varðstöðu og taka engan þátt í verkum myrkursins.

Guð blessi þig. Amen.

### ▼ Jesús stýri og stjórn

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

á sem gerir Jesús að kosti í sínu lífi og gengur alla leið með frelsaranum og leyfir honum að stýra Slífi sínu og stjórna ferð einskis góðs á mis. Maðurinn viðurkennir að Jesús fari betri leið með hann heldur en mögulegt er að hann sjálfur fái gert haldi hann um stýrishjólið eigin höndum. Ekki er samt svo að skilja að um beint valdaafsal sé að ræða þó Jesús fá fulla stjórn heldur miklu fremur viðurkenning á staðreyndum. Jesús er einfaldlega betri aðilinn þegar kemur að því að stjórna lífi fólks og betri heldur en nokkurn tímann manneskjan sjálf er. Þetta hljómar þversagnakennt en er samt sannleikur. Dæmi þar að lútandi eru mörg og margir vitnisburðir til sem styðja slíka fullyrðingu um Jesús við stjórn og allt fór vel.

Hin dæmin eru líka til og því miður fleiri um manninn sem fór sínar eigin leiðir sannfærður um eitt og annað sem flestar enda með ósköpum, sorg og sút, basli hörmungum og brotnum brúm. Slík dæmi eru reyndar fleiri en tárur taki og skakkaföllin ófá sem í flestum tilvikum hefði mátt sneiða hjá með því einu að hlusta á ráð og leiðbeiningar Jesús í daglegum erli mannlífsins. Val og ákvörðun mannsins skilur eins og ávallt áður á milli feigs og ófeigs.

Enn og aftur má benda á mikilvægi trúboðsins og kristinnar fræðslu handa til að mynda börnum og unglíngum. Fræðslan þarna gefur ungvíðinu besta fánlega grunn undir sitt líf. En á þetta er endalaust ráðist:

**„ Jesús segir við hann: Ég er vegurinn, sannleikurinn og lífið. Enginn kemur til föðurins, nema fyrir mig. Ef þér hafið þekkt mig, munuð þér og þekkja föður minn. Héðan af þekkið þér hann og hafið séð hann. Filippus segir við hann: Herra, sýn þú oss föðurinn. Það nægir oss. „ (Jóh 14:6-8)**

Filippus skilur ekki málið til hlítar og þeir ganga augljóslega ekki í takt. En Filippus spurði Jesús til þess að hjörtun slægju saman og væru þá í takt. Spurningar eru eðlilegur þáttur í allri fræðslu. Menn spyrja og fá útskýringar sem eykur þeim skilning. Að spyrja er engin lítillækkun. Þær benda til hygginda hjá viðkomandi og þörf til að vita meira og skilja betur. En sumt fólk hatar að spyrja eðlilegra spurninga af ótta við að afhjúpa sig og sína vanþekkingu fyrir örðum og verða að athlægi. Sem er röng breytni af mannsins hálfu. Hvers sem er. Hér birtist hégóminn í öllu sínu veldi.

Barn sem fær vitneskju á unga aldri um Jesús hefur í eitthvað að grípa á unglingsárum og síðar á ævinni þegar lífið fer að kvikna á alveg nýjan hátt og manneskjan að breytast frá því að vera barn og unglingur yfir í fullorðna manneskja. Ástin kviknar með sínum vandamálum hjá unglingnum sem hann kann ekki enn að bregðast við, vonbrigðin koma, höfnunin og allskonar tilfinningasveiflur líka sem allir þekkja. Þó með misalvarlegum hætti og misjafnlega oft í lífinu.

Eitt er nefnilega að vera barn og búa í öryggi foreldrahúsanna og annað að vera fullorðinn manneskja sem þarf að bera ábyrgð sjálf á sínu lífi í öllum atriðum og vera fyrirmynd og leiðbeinandi eigin barna. Og þegar þessi umskipti verða frá barni, unglingi og yfir í fullorðna manneskju og hún horfir framan í þá staðreynd að þurfa að takast einsömull á við lífið kemur best í ljós á hvað grunni hefur verið byggt og hvaða fróðleik hún nam og tileinkaði sér fyrir sitt líf. Var námið hagnýtt eða gagnslaust þannig séð? Allt spurning sem einstaklingurinn raunverulega þarf sjálf/ur að svara.

Að trú á Jesús Krist gagnast öllu fólki sama á hvaða aldri fólk er. Best er að tak ung/ur við boðskapnum. En þótt menn þekki Jesús er ekki þar með sagt að þeir gangi ekki menntavegin, standi hugur þeirra til hans:

**„ Menn færðu og til hans ungbörnin, að hann snerti þau. Lærisveinarnir sáu það og átöldu þá. En Jesús kallaði þau til sín og mælti: Leyfið börnunum að koma til mín, varnið þeim eigi, því að slíkra er Guðs ríki. Sannlega segi ég yður: Hver sem tekur ekki við Guðs ríki eins og barn, mun aldrei inn í það koma. „ (Lúk 18:15-17)**

Hér mætir Drottin börnunum á alveg sérstakan hátt svo ekki verður misskilið að hann vill fá þau til sín og helst sem allra yngst. Jafnvel lærisveinar hans misskildu málið og vildu hindra þau í að koma til hans. Við vitum að stundum er töluverður fyrirgangur í ungviðinu okkar og hávaði, hlátrar og ærsl mikil. En Kristur horfði ekki á þetta. Hann vissi að þau yrðu fullorðin og að sumt það sem í þau yrði lagt fylgdi þeim ævina á enda. Hann var þessi góði grunnur fyrir börnin sem hann vildi veita þeim. Og hann tók þau í fang sér og blessaði. Að fá blessun frá Drottni er ekki léttvægt heldur eftirsóknarvert fyrir manninn:

**„ Leyf eigi munni þínum að baka líkama þínum sekt og seg eigi við sendiboðann: Það var fljótfærni! Hvers vegna á Guð að reiðast tali þínu og skemma verk handa þinna? Því að þar sem mikið er um drauma og orð, þar er og mikill hégómi. Óttastu heldur Guð! „ (Préd 5:6-7)**

Predikarinn (Salómon konungur í Ísrael) var maður hokin af reynslu lífsins og sem Guð gaf visku umfram alla aðra menn á jörðinni. Margt af því sem hann sá, heyrði og upplifði mæddi hann og gerði dapran á efri árum. Niðurstaðan við endir daganna var að lífið væri einn stór hégómi og verk mannsins sömuleiðis og ekkert stæðist samanburð við það að vera og dvelja í ranni Guðs sérhvern dag lífsins. Þetta eru athyglisverð orð frá svo vitrum manni. Og þau eru sönn.

Sannleikurinn er að eftir því sem maðurinn eldist verður erfiðara fyrir Jesús að ná til hans. Aldurinn gerir flesta menn harða í hjartanu. Þetta veldur lífið sjálft og lífsbaráttan sem er fólki oft svo óvægin, miskunnarlaus og ósanngjörn og full af höfnun og hlutum sem hreyfa verulega við fólki á sviði tilfinninganna sem því finnst vera ósanngjarnt í sinn garð. Og er það líka oft. Margt kemur fram í Predikaranum sem staðfestir þetta. Að lesa Prédikarann er góð kennsla fyrir alla menn.

Oftar en ekki hefur maðurinn enga hugmynd um hvernig við skuli bregðast og því síður rennur honum í grun að vandinn liggja í hans eigin hegðun og framkomu, orðavali, og öðru slíku. Allt svona vill Jesús kenna manninum að mæta rétt til að honum vegni betur í sínu lífi.

Og aftur kemur að þeim þætti sem nefndur var áðan hversu gott það er fyrir börnin að læra snemma ævinnar um Jesús og hafa sem fyrst aðgang að lausninni sem Jesú gefur fólki, einmitt á sviði tilfinninganna og annarra mannlegra þátta sem allir burðast með og fáir bregðast rétt við.

Einfaldlega fyrir þær sakir að þekkingunni til réttra viðbragða er áfátt. Stundum er engin til að kenna fólkinu rétt viðbrögð við áreiti sem allir verða fyrir.

Enn og aftur komum við að mikilvægi þess að hér sé stundað öflugt og virkt trúboð með kröftugri fræðsla úr Biblíunni. Þessir þættir mega ekki sofna né slaka á á neinn hátt. Of mikið er í húfi fyrir einstaklinginn og samfélagið í heild. Ef kristnir menn standa ekki vaktina gefur auga leið að hin göfugu gildi kristninnar fara á undanhald og munu að lokum hverfa. Viljum við það? Varla.

Engin skal ímynda sér í eina sekúndu að heimurinn blási glæður í slíka kennslu sem kominn er á undanhald sem endalaust reynir að gera hana útræka úr til að mynda kennslustofunni eða sem allra máttlausasta og gagnslausasta sé annað ekki hægt. Og til verður „Trúarbragðafræði.“ og samsuða með ekkert innihald sem neinu máli skiptir. Einhver millileið er farinn sem hugsanlega verður allra vinur. Þetta er staðan og bendir hiklaust á árvekni hins kristna manns sem veit að án Jesús er líf mannsins endalaust tjón og hörmungar sem má komast hjá með því að segja já við Jesús.

Um þetta eina litla já manna og kvenna snýst öll boðunin sem allir kristnir menn vinna að af köllun. Hver kirkjudeild hefur sína eigin sérstöðu frami fyrir Guði. Og þótt sama Biblía sé kennd inn í öllum þessum söfnuðum og sama trú ríki í hjörtum safnaðar meðlima eru hlutverkin mismunandi. Eins og segir:

„ Engin riðlist á annarra braut. „ Eða eitthvað í þá veru. Sem raunverulega merkir að Drottinn sé fullríkur fyrir alla. Engin þarf að vera verkefnaless í Drottni. Hann bryddar upp á ýmsum nýjungum ef hann bara vill og notar hvern sem er og hann sjálfur hefur valið til verksins. Okkar hinna er að styðja og standa með verki Guðs.

Og enn komum við að mikilvægi þess að fá Orðið inn í sitt hjarta á unga aldri.

Fólk sem heldur því fram að börnin eigi sjálf að velja hvort og hverju þau vilji trúna þegar þau hafa aldur til og gera ekkert til að þau fái raunverulegt val þegar kemur að því að gera upp sinn hug að þessu leiti, eru í raun að bregðast barninu þarna. Barni sem haldið er frá lestri lærir ekki að lesa, sama gildir um reikning og skrift og aðra námsgreinar sem sjálfsagt þykir að börn læri. Þetta eru grunnþættir fyrir fólk að frekara námi. Ákveðinn grunur hefur verið lagður í hinu veraldlega sem gefur því svigrum til vals sem svo leiðir stig af stig. Og í sumum tilvikum verður svo skólastofa inn í Háskólanum veruleiki. Fáir barnið hins vegar enga grunnfræðslu um Krist sem nærir andleg manninn en samt ætlast til þess að það velji þegar það hefur sjálft aldur og vit til þá vandast málið. Velja um hvað? Unglingurinn eða hver sem er sem hefur enga þekkingu og enga kennslu fengið um Drottinn segir sig sjálft að hefur um fátt að velja.

Ekki svíkja barnið um sinn sjálfsagða og eðlilega rétt til náms í fræðum sem jafnvel sumum finnst léttvægt. Öll börn lúta leiðsögn foreldra og forráðamanna og sú sjálfsagða krafa gerð að þetta fólk standi sig að þessu leiti.

Engin spurning er um að allir vilja börnum vel og að ráða þeim heilt er í hjarta allra manna. En hver maður kennir og leiðbeinir eins og hann sjálfur hefur visku og þekkingu til. Sumir foreldrar eru reiðir út í Guð og lítil von til þess að slíkir beini börnunum í átt að Drottni og jafnvel haldi börnum sínum frá honum. Þó reyndar allur gangur sé á slíku og einstaklingsbundið.

Þá skal haft í huga að barn er manneskja sem þroskast, eldist, dafnar, þarfnast hlýju og ástúðar og stendur loks ein í baráttunni sem fullorðinn manneskja með þann grunn í farteskinu sem lagður var á undan. Já, allt frá barnsaldri. Og þannig er lífi allra manna háttað. Öll vorum við eitt sinn börn og námum það sem fyrir okkur var lagt og við sáum og heyrðum í það og það skipti. Sumt var gott og gagnlegt og reyndist vel í lífsins ólgusjó. Annað ekki þegar upp var staðið. Þetta getum við séð þegar árin koma og við horfum til baka. Kristinn maður sér Drottinn með sér hér og þar. Og hann

hrópaði á hjálp Drottins. Sem útilokað er að hinn vantrúaði geri. Hví skyldi maður hrópa á Drottinn sem hann þekkir ekki haus né sporð á? Maðurinn gerir það heldur ekki og fær fyrir vikið oft að kenna á því og er nokkuð sem allir þekkja á eigin skinni. Öll lifðum við eitt sinn Guðlausu lífi.

Engin fæðist trúaður þótt sem betur fer sumt fólk játi Jesús mjög ungt. Og Guð blessi slíka. Allir verða að taka afstöðu og grunnurinn að allri afstöðu manna er að þeir hafi þá einhverja grunn þekkingu á því sem taka skal afstöðu til. Það segir sig sjálf.

Orð úr Biblíunni sem smeygir sér inn í hjartað á ungri manneskju hverfur ekki þaðan jafnvel í hárrí elli þó maðurinn sjálfur hafi enga hugmynd um að Orðið sé þar sem það er og hann á engan hátt muni eftir því hvar í ósköpunum hann heyrði og því síður hvar hann var þá staddur. En það skiptir engu máli. Aðalatriðið er að Orðið komst inn í hjartað. Hér erum við að tala um manneskju sem er ekki trúuð og hugleiðir ekki trúna á líkan hátt og við sem trúum gerum.

Hitt er ljóst að Orð sem er í hjarta manneskju getur Jesús virkjað og leitt inn í ríki Guðs á himnum og gert manneskjuna hólpna. Tíminn þarna á milli er afstæður en Guð hefur tíma fyrir allt og suma merkir hann sér fyrirfram og þá líklega vegna bæna bænmanneskju sem ítrekað bað fyrir tilteknum einstaklingi. Vel má halda því frama að allt trúað fólk á jörðinni sé bænastvar manneskja sem trúa á mátt bænarinnar og báðu. Guð er góður Guð og bænheyrandi og nýtur þess að taka fólk til sín og inn í sitt hús til að það megi búa öruggt og varið á allar hliðar og kanta. Í Jóhannesarguðspjalli segir:

**„ Hjarta yðar skelfist ekki. Trúið á Guð og trúið á mig. Í húsi föður míns eru margar vistarverur. Væri ekki svo, hefði ég þá sagt yður, að ég færi burt að búa yður stað? Þegar ég er farinn burt og hef búið yður stað, kem ég aftur og tek yður til mín, svo að þér séuð einnig þar sem ég er. Veginn þangað, sem ég fer, þekkið þér. „ (Jóh 14:1-4)**

Hér erum við kominn að lykilatriði í þessu öllu saman. Og hann er að þekkja Jesús. Með því að þekkja hann þekkjum við líka veginn. Jesús er vegurinn, lífið og sannleikurinn. Hann er allt þetta. Hver sem boðar þessa hluti talar sannleika við fólk og enga lygi og er blessun hvar sem hann kemur og drepur niður fæti sínum til að boða.

Að gera sér ungur grein fyrir því að Jesús sé vegurinn til lífsins og sjálfur sannleikurinn og viskan í öllu sínu veldi er gæfuspor hvers manns sem ber að heiðra og þakka. Hann gerir sér eflaust enga grein fyrir gæfunni sem ákvörðuninni er samfara. En Guð mun gefa honum augu sem sjá og hjarta sem skilur að hann valdi rétt og að trúin sem hann á og elur með sér hefur forðað honum frá mörgum harmkvælum sem sumir jafnaldrar hans rötuðu í sem völdu sinn eigin veg til að fara og guldu fyrir með allskonar harmkvælum og skelfilegum hlutum og brotnum brúm að baki sér. Svona er sagan öll meira og minna skrifuð hjá mannanna börnum. Jesús komst aldrei að til að vinna sitt verk í hjarta mannsins.

Sem fyrr þá snýst málið um hver og hvað er í hjartanu. Sá sem þar situr stjórnar öllu lífi hans. Í hjartanu eru stjórnstöðvarnar og þræðirnir:

**„ Verið í mér, þá verð ég í yður. Eins og greinin getur ekki borið ávöxt af sjálfri sér, nema hún sé á vínviðnum, eins getið þér ekki heldur borið ávöxt, nema þér séuð í mér. „ (Jóh 15: 4)**

Skír skilaboð frá hásæti lifandi Guðs sem við skulum taka við og breyta eftir.

Við getum ekki og megum ekki hlusta á heiminn og menn og konur heimsins sem vita ekki betur þegar þau tala um að stöðva beri alla kristnifræðslu í yngstu bekkjum grunnskólans eins og stundum hefur borist í tal. Þótt mishátt fari. Fer svona eftir tíðarandanum á hverjum tíma. Drottinn veit að börnin í yngstu bekkjunum eru allra manna móttækilegust fyrir boðskap sínum. Og raunar öllum boðskap, sama hver er. Börnin gleypa við því sem að þeim er rétt og gagnrýnislaust. Þau treysta

kennaranum og hinum fullorðnu. Þannig er barnið gert. Ófært er að ræna barninu svo lífnauðsýnlegri þekkingu sem trúin og fræðslan um krossfestan og upprisin Jesú er. Börnin upplifa oft allskonar hluti sem er þeim erfitt að glíma við og stundum vita foreldrarnir ekki af þessari glímu barnanna. Þau þegja og byrgja innra með sér. En séu foreldrarnir trúaðir þá biðja þeir bænir fyrir sínum börnum til Jesú sem heyrir bænir og gerir ráðstafanir þegar þeirra er þörf. Og þá er gott fyrir barnið að hafa neista innra með sér sem Drottin getur þá blásið í glæðurnar á og ákveðinn sigur vinnst.

Alveg er sama hvernig við lítum á þessa hluti að alltaf skal vera betra að þekkja Jesús en þekkja hann ekki.

Að boða fólki Jesú og benda á hann sem alvöru kost í lífinu er í sjálfu sér ekki flókið mál þegar sú vitneskja er höfð til hliðsjónar að Jesús veit hvað morgundagurinn snýst um og ber í skauti sér sem er algerlega útilokað fyrir manninn að vita neitt um:

**„ Segið því ekki áhyggjufullir: Hvað eigum vér að eta? Hvað eigum vér að drekka? Hverju eigum vér að klæðast? - Allt þetta stunda heiðingjarnir, og yðar himneski faðir veit, að þér þarfnist alls þessa. En leitið fyrst ríkis hans og réttlætis, þá mun allt þetta veitast yður að auki. „ (Matt 6:31-33)**

Hér erum við komnir með annan lykill og enn eina ástæðu fyrir boðuninni sem sýnir fram á nauðsýn hennar fyrir manninn sama á hvaða aldri. Að gera ungvíðinu þetta ljóst snemma getur ekki verið neitt nema blessun og gæfuspor. Þessi texti úr heilagri ritningu gefur fyrirheiti um að manninum muni ekkert skorta sem gerir Jesús að leiðtoga lífs síns. Hvorki til anda, sálar né líkama. Fjölmargir, já, milljónir vitnisburða eru til út um allan heims sem allir styðja slíka fullyrðingu.

Drottinn hefur áætlun. Áætlun til heilla en ekki til óhamingju. Að veita manninum vonarríka framtíð. Það er plan Drottins með hvern mann.

En til að af þessu getu orðið þarf hann að sækja manninn og endurfæða inn í sitt ríki. Þessi fæðing er ekki eins og fyrri fæðingin heldur er um andlega fæðingu að ræða. Er ríki Guðs enda andlegt ríki en við fæðumst samt öll fyrst inn í náttúrlegt ríki sem, eins og annað náttúrlegt, er komið til að eyðast og hverfa. Öndvert við ríki Guðs himneskt sem varir frá eilífð til eilífðar og hefur alltaf verið til.

Þetta er trúboðinn, predikarinn og kennarinn að boða inn í söfnuðinum og hvar sem þetta fólk er að störfum fyrir Guðsríkið. Þetta er vonin sem maðurinn fær og hann heldur dauðahaldi í. Þessa von og vissu getur barnið eignast. Von sem mun fylgja því svo lengi sem það lifir.

Mikið gæfuspor er að taka trú sem barn. Að alast upp á kristnu heimili er og blessun sem hugsanlega allir sem við slíkt búa meta ekki rétt en er engu að síður blessun. Þakklæti er dyggð.

Sá sem vill sjá góða daga haldi sér frá illu í hvaða mynd sem er. Sá besti til að forða manninum frá að halla sér að illskunni er Jesús. Til þess notar hann Heilagan Anda í manninum og trúna sem kviknar í brjósti hans og vex með hverri lesningu og kennslu sem maðurinn sækir sér fyrst og fremst í eigin söfnuði.

Guð blessi Guð blessi.

### **Til hvers Kristur?**

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

Kristur? Hver er hann og hvað getur hann?

Kristur? Hafa ekki verið endalausar deilur um hann frá því að hann var hér á jörðinni og standa þessar deilur ekki ennþá og menn enn til sem skipast með og á móti?

Bræður og systur! Hví standa yfir deilur jafn lengi og raun ber vitni um kennslu manns sem var hér á jörðinni fyrir rúmum tvö þúsund árum?

Hvað veldur þessu? Fyrst og fremst þá var kennsla hans byltingarkennd, öðruvísi en gekk og gerðist hjá öðru fólki og hreyfði við sjálfum kjarnanum í lífi fólks. Og það sem meira var kom gegn þeim sem ríktu og réðu í landinu með því að hún benti þeim á að þeir leiddu fólkið afvega með orðum sínum, boðum, bönnum og eigin verkum. Kom gegn mönnum sem sáu stöðu sinni og völdum á vissan hátt ógnað með því sem Kristur talaði. Og það fór fyrir brjóstið á þeim er ljóst var að málflutningur hans náði eyrum fjölda manna sem jafnvel létu heillast af og trúðu Orðum hans. Ekki bara málflutninginum sem slíkum heldur einnig verkunum sem hann vann.

Í stað þess að líta á Jesús sem kærán vin og afbragðs samstarfsaðila og sanna himnasendingu brugðust þeir öfugt við og stóðu frá fyrstu tíð í gegn frelsara sínum:

**„ Þá talaði Jesús til mannfjöldans og lærisveina sinna: Á stóli Móse sitja fræðimenn og farísæar. Því skuluð þér gjöra og halda allt, sem þeir segja yður, en eftir breytni þeirra skuluð þér ekki fara, því þeir breyta ekki sem þeir bjóða. Þeir binda þungar byrðar og leggja mönnum á herðar, en sjálfir vilja þeir ekki snerta þær einum fingri. Öll sín verk gjöra þeir til að sýnast fyrir mönnum, þeir breikka minnisborða sína og stækka skúfana. „ (Matt 23:1-5)**

Getur verið að við könnumst við svona yfirlýsingar og væri ekki hræðilegt ef slíkar umsagnir giltu um okkur sjálf?

Hvað vilja orðin segja við okkur? Jú, við þurfum að fara gætilega og lifa heiðarlegu lífi og án neinna blekkinga. Við erum það sem við segjum að dæmi sé tekið. Heilagur Andi hjálpar okkur.

En hver er þá kjarninn og hvað veldur því að menn lifa ekki samkvæmt heilnæmu kenningunni þótt vitað sé og milljónir manna út allan heim staðfesta með eigin vitnisburði að sé góður og gildur?

Hver skilur mannshjartað?

Kjarninn er að hér átti sér stað valdarán sem á sér engan líka í vorri veröld. Hjarta manneskjunnar var rænt frá eiganda sínum sem ætlaði þessu hjarta mannsins sjálfum sér. Hann vildi frá upphafi hafa beinan aðgang að manneskjunni með því að vera sjálfur á staðnum og með hennar fullkomna samþiggi. Að breyta öðruvísi var ekki inn í myndinni hjá honum skaparanum. Frá upphafi sýndi skaparinn manningnum fulla virðingu og virti og virðir val hans enn í dag. Orð mannsins og val hans sker úr um feigð og ófeigð. Með Jesú höndlar hann lífið. Án Jesús! Ekkert líf:

**„ Son minn, gef gaum að ræðu minni, hneig eyra þitt að orðum mínum. Lát þau eigi víkja frá augum þínum, varðveit þau innst í hjarta þínu. Því að þau eru líf þeirra, er öðlast þau, og lækning fyrir allan líkama þeirra. Varðveit hjarta þitt frammar öllu öðru, því að þar eru uppsprettur lífsins. Haltu fláræði munnsins burt frá þér og lát fals varanna vera fjarri þér. „ (Orðsk 4:20-24)**

Staður hjartans í hverri manneskju er vettvangur sem hugsaður var fyrst og fremst fyrir hann sem skóp. Hann er uppspretta alls lífs og hinn sami í dag og var í gær og verður um allar aldir. Jesús heitir hann.

Maðurinn varðveitti ekki uppsprettunnar og sjálfur óvinurinn komst að og náði að stífla veituna, þetta sírennsli frá háseti lifandi Guð, og veita þess í stað inn dauðanum, skelfingunni, hörmungunum, sjúkdómunum og öllu öðru sem hrjáir mannkynið í dag og við líðum fyrir. Ekkert af þessu var með inn í skipulagi Drottins er hann skóp manneskjuna. Allt vegna þess að hjartanu var rænt og gat einvörðungu gerst vegna óhlýðni mannsins við Orð Guðs. Maðurinn gætti ekki sinnar eigin uppsprettu og þess sem áfram myndi halda sambandi hans við Föðurinn hreinu og tæru. Óhlýðnin orsakaði að lífslindin gat ekki lengur gefið honum lífsnauðsýnlega næringu. Maðurinn er án afsökunar. Hann valdi og fékk það sem hann sjálfur valdi. Og enn veljum við og uppskerum samkvæmt eigin sáningu og vali á sáðkornum til að sá.

Hvað kallar þetta svo á bræður og systur? Visku frá hæðum og meira af henni heldur en minna. Allt byggt á trú, von og kærleika og trausti til hans sem ER.

Samkvæmt kennslu Biblíunnar er hjarta mannsins á vissan hátt bústaður. Og eins og öllum öðrum bústöðum er ætlað að gera er þessi bústaður einnig fyrir íbúa. Heilögum Anda var frá fyrstu hugsun Guðs um manninn hugað íverustaður í hjartanu. Hann skyldi fá sitt afmarkaða svæði innra með hverri manneskju sem fæddist inn í þennan heim. Téð valdarán beindist því frá fyrstu tíð að eilífa parti manneskjunnar. Að hjartanu. Málið var að ná því. Sá sem rændi hjartanu, sjálfur Satan, vissi að sá sem sæti í hjarta manneskjunnar hefði um leið alla stjórn og þar með yfirráð á jörðinni og gæti gert það sem honum raunverulega sjálfum sýndist. Þarna, það er í hjartanu, liggja hin raunverulegu verðmæti fyrir þann sem skóp en ekki í líkamanum sem slíkum. Líkaminn verður hvort eð er eftir og umbreytist í mold. Guð skuldbindur sig hins vegar til að annast líkamann og sjá til þess að honum skorti ekkert. Þetta hefur ekkert breyst. En andi mannsins er það sem hann vill:

**„ Því að örlög mannanna og örlög skepnunnar örlög þeirra eru hin sömu: Eins og skepnan deyr, svo deyr og maðurinn, og allt hefir sama andann, og yfirburði hefir maðurinn enga fram yfir skepnuna, því að allt er hégómi. Allt fer sömu leiðina: Allt er af moldu komið, og allt hverfur aftur til moldar. Hver veit, hvort andi mannanna fer upp á við, en andi skepnunnar niður á við til jarðar? „ (Préd 3:19-21)**

Hér er talað um anda mannsins og um leið viðurkennt að hann lifi áfram eftir að moldin hefur hulið líkamann og ekkert líf er lengur þar að finna. Þetta sem hvarf á braut og fór til síns staðar var partinum sem rænt var og ástæðan fyrir að Jesús kom til jarðarinnar til að opna mannum leiðina til síns staðar á himnum sem lokaðist eftir ránið og viðhelst með viðveru syndarinnar í lífi hins fallna manns. Þessi aðskilnaður er enn til staðar og breytist ekki nema í Kristi og er ástæðan fyrir eftirfarandi Orðum ritningarinnar: „ Allir hafa syndgað og skortir Guðs dýrð. „

Og hér er grundvöllurinn kominn að blekkingunni stóru og hinni endalaus þrætu um þessi mál. Blekkingin getur verið svo afleit að hún í sumum tilvikum viðurkennir ekki að til sé líf eftir dauðan og sumir eru svo fjarri sannleikanum og halda því fram og trúa því meira að segja sjálfir að ekkert taki við er menn fara yfir „ móðuna miklu “, eins og stundum er sagt. Að maðurinn hafi enga sál og engan anda. Hver er þá munurinn á mannum og venjulegum steini sem allir vita er vita líflaus?

Sé svona í pottinn búið má spyrja sig hvar lífið sé þá eiginlega með þann sannleika blasandi við sér hvert sem lítið er að öll erum við lifandi manneskjur sem hugsum, hlæjum, grátum, lærum, metum, verðum ástfangin, eignumst börn og sýnum allskonar aðra tilfinningar sem allar segja okkur að við lifum. Ekki gerir steinninn neitt af þessu. Honum er sama hvort á sig rigni, á sig snjó, hvort frost sé úti eða stormarnir blási. Hvort kalt sé eða heitt. En ekki fólk. Því er ekki sama og getur heldur ekki látið sér á sama standa. Maður sem á i engin hús að vanda getur ofkælt og dáðið komi frost og hann óvarinn undir berum himni. Vegna þess að hann er lifandi mannvera sem þarf sínar ákveðnu aðstæður og aðstöðu til að fá lifað. Eitt af þessu er þak yfir höfuðið:



(Í frétt 20 desember 2009 kom fram að 15 manneskjur hefðu frosið í heil í Póllandi. Allt þetta fólk flokkast með útigangsfólki og allir vita hvað átt er við. Frostið þennan dag, og kannski líka daganna á undan, fór niður fyrir 20 gráður með sínum alvarlegu afleiðingum fyrir þá sem voru óvarðir að þessu leiti.) Líkaminn deyr það er ljóst. Hvað tekur þá við er málið.

**" Jesús svaraði: Lát hina dauðu jarða sína dauðu, en far þú og boða Guðs ríki. "** (Lúk 9:60)  
Segir Kristur og á við að menn sem eigi ekki Krist í sínu hjarta séu í raun dánir vegna þess að ekkert tekur við hjá þessum einstaklingum nema myrkrið, gráturinn og gnístran tanna og undirstrikar um leið boðskap og kennslu Biblíunnar að menn halda áfram að vera til eftir að jarðvistinni líkur. Þetta í annan stað á ekki við um kristinn mann eða kristna konu. Í þessu fólki býr sami uppriskraftur og reisti Jesús upp frá dauðum. Og vegna þessa sannleika er svo mikilvægt að trú á Jesús og halda áfram að boða hann með krafti og fullri djörfung.

Bara þetta fær sagt okkur og að eitthvað meira sé til sem er handan sjónsviðs augnanna og viss tilgangur og Guðlegur tilgangur sé með veru mannsins á jörðinni.

Flestir búa og hlúa vel að eigin líkama, byggja dýr hús til að búa í, hafa aðgang að frábærum sjúkrahúsum og afbragðsgóðum læknum sem annast um heilsuna og reyna eins og frekast er kostur að lifa við aðstæður sem eru okkur notalegar og þægilegar, etum veislumat, förum út að skemmta okkur, í ferðalög með vinfólkinu og iðkum allskonar aðra holdsins leiki en hugum ekki, og stundum ekki neitt, að andlega og eilífa partinum í okkur sem gefur okkur karakterinn og að því sem við í raun og veru erum. Og það sem meira er - lifir eftir að líkaminn er kominn undir græna torfu og slokknað á allri starfsemi, eins og hér er reynt að benda á.

Um þetta er deilt og hefur verið deilt síðan Jesú kom með sinn málflutning. Væri engin efi og allt fólk gerði sér ljósa stöðuna til að mynda um eilífa partinn innra með sér er ljóst að allt fólk væri þá undir vernd og varðveislu Jesús, fyllt sínum Heilaga Anda með sína fullkomnu og algeru vernd gegn vágestinum sem enn leikur hér lausum hala og er jafn illur og miskunnarlaus og fyrr.

Málflutningur Jesús skók samfélagið á hans tíð og sami málflutningur skekur samfélagið á vorri tíð:

**„ Og æðstu prestarnir og fræðimennirnir leituðu fyrir sér, hvernig þeir gætu ráðið hann af dögum, því að þeir voru hræddir við lýðinn. Þá fór Satan í Júdas, sem kallaður var Ískariot og var í tölu þeirra tólf. Hann fór og ræddi við æðstu prestana og varðföngjána um það, hvernig hann skyldi framselja þeim Jesú. „ (Lúk 22:2-4)**

Voru þessir menn sem þannig brugguðu Jesús sín launráð honum sammála? Ljóst er að svo er ekki. Og fyrir hvað vildu þeir ná lífi hans? Voru það ekki einmitt Orðin sem hann talaði af vörum sér? Gleði ríkti í þessum hópi þegar þeim barst skyndilega liðsauki úr óvæntri átt og úr hans eigin hópi í birtingu Júdasar sem Satan hafði skotist sér í. Og hvert fór Satan? Beint í stjórnstöðvar Júdasar hjartað. Satan er andi og andi hefur ekkert rúm. Skoðum það nánar:

**„ Og þeir báðu hann: Send oss í svínin, lát oss fara í þau! Hann leyfði þeim það, og fóru þá óhreinu andarnir út og í svínin, og hjörðin, nær tveim þúsundum, ruddist fram af hamrinum í vatnið og drukknaði þar. „ (Mark 5:12-13)**

Margir hafa bent á að í mannum hafi verið tvö þúsund illir andar. Allir andarnir voru sitt hvor persónan með sitt sérstaka hlutverk til illra verka. Og allir voru þeir í þessari einu manneskju. Og hvar nema í hjartanu þar sem stjórnstöðvarnar eru. Andi hefur ekkert rúm, hefur enga vigt, tekur ekkert pláss, er ósýnilegur náttúrlegum augum manna en er samt sjálfstæð persóna sem lýtur valdi og vilja Satans. Það sjáum við er þeir töluðu við Jesús, og voru þá í mannum: „ **Send oss í svínin, lát oss fara í þau.** „ - Og stór hjörð af skepnum þoldi ekki innrás allra þessara illu anda í sig og trylltist og hljóp beint af augum, eins og trylltra skepna er síður. Þetta hefur verið mikið og furðuleg sjón í

augum þeirra sem sáu. Urðu þeir enda skelfingu lostnir. Nokkur veginn svona segir Biblían frá þessu.

Sannleikurinn hefur frá öndverðu átt undir högg að sækja vegna þess að sá sem rændi hjarta manneskjunnar er lygari frá upphafi og fer að eðli sínu er hann lýgur. Og hann gefur völd sín ekki eftir baráttulaust. Aðeins Jesús og sannleikurinn fær hnekktt þeim og gert manninn frjálstan:

**„ Jesús svaraði: Ef Guð væri faðir yðar, munduð þér elska mig, því frá Guði er ég út genginn og kominn. Ekki er ég sendur af sjálfum mér. Það er hann, sem sendi mig. Hví skiljið þér ekki mál mitt? Af því að þér getið ekki hlustað á orð mitt. Þér eigið djöfulinn að föður og viljið gjöra það, sem faðir yðar girnist. Hann var manndrápari frá upphafi og aldrei í sannleikanum, því í honum finnst enginn sannleikur. Þegar hann lýgur fer hann að eðli sínu, því hann er lygari og lyginnar faðir. „ (Jóh 8:42-44)**

Hér talar Kristur umbúðalaust um málið og segir berum orðum hvað sé við að eiga. Illskan er raunverulegt afl sem sækur alla mynd Drottins og veldur skaða sem engin fær vikist undan nema sá ein sem gerir Jesús að sínum kosti. Þá hlýtur hann vernd Drottins gegn þessu gríðarlega og völduga afli sem ver hann og verndar til að mynda fyrir áhrifum lyginna. Afl Jesús er meira þótt hitt sé magnað og manninum í eigin mætti gersamlega ofviða. Þetta eyðandi og tortímandi afli lygin hefur gengið með mannkyninu frá upphafi og hófst með syndafallinu.

Syndafallið er rótin og aðal orsökina að öllu sem á eftir kom og menn fyrir og síðar hafa glímt við sinni vonlausu glímu. Heimurinn er fallinn. Mannkynið er sömuleiðis allt fallið. Eina von mannkynsins er að taka við boðskapnum um krossfestan og upprisinn Jesús og fá að gjöf fyrirgefningu syndanna, Heilagan Anda í hjarta sitt og eignast sína trú á Jesú og vera þakklátar manneskjur fyrir björgunarafrekið sem Jesús vann fyrir syndugan og sekan manninn. Jesús losar fólkið undan helsi og fjötrum blekkingarinnar og lyginna og undan krumlu hans sem er að eðli sínu lygari Satani

Lygin er stærsta heilbrigðisvandmál sem mannleg samfélög glíma við. Af lyginni verða samfélögin sjúk, þau skekkjast, haltra og missa styrk sinn og verða ófær um að koma inn með alvöru lagfæringu. Lögleysið vex. Ofbeldi og glæpatíðnin sömuleiðis. Lög verða máttlaus með fullt af götum á sem menn smeygja sér í gegnum með sitt myrkur og sín mykraverk. Lygin býr til risavaxinn blekkingarvef sem á glitrar en eru þegar upp er staðið umbúðir utan um ekki neitt. Lygin er háskaleg og heimurinn er bundin og hlekkjaður við hana og afleiðingar hennar. En þetta sjá ekki allir vegna þess að fyrir augum þeirra er hula sem gefur þeim ekki aðgang að sannleikanum sem Jesús ber fram og vill að allir menn tileinki sér og gangi fram í. Hulan kemur af rangri tilbeiðslu og ekki Guðlegri. Enda ekki að undra þegar horft er til þess að allur heimurinn lítur yfirráðum hins vonda. Satan er konungur þessa heims:

**„ Þér heyrðuð, að ég sagði við yður: Ég fer burt og kem til yðar. Ef þér elskuðuð mig, yrðuð þér glaðir af því, að ég fer til föðursins, því faðirinn er mér meiri. Nú hef ég sagt yður það, áður en það verður, svo að þér trúið, þegar það gerist. Ég mun ekki framar tala margt við yður, því höfðingi heimsins kemur. Í mér á hann ekki neitt. En heimurinn á að sjá, að ég elska föðurinn og gjöri eins og faðirinn hefur boðið mér. Standið upp, vér skulum fara hédan. „ (Jóh 14:28-31)**

Jesús viðurkennir yfirráð Satans en veit enn fremur að hann sjálfur er honum sterkari og hefur sigrað hann í eitt skipti fyrir öll.

Verum bjartsýn og trúum áfram. Jesú er sá sem Biblían segir hann vera. Treystum Jesú Kristi.

Guð blessi þig og þína. Amen.

## Trúboð nauðsýnlegt

Konráð Rúnar Friðfinnsson

Trúboð! Hvers vegna trúboð? Erum við ekki nægjanlega menntuð og klár til að sjá um öll okkar mál sjálf án atbeina trúar og trúboða sem sífellt fletta í Biblíunni í leit að ritningarversum? Er Biblíunni ekki bara gömul bók sem er fráleitt í anda vel menntaðs nútímans sem ekki hentar lengur? Er trúboð og trúboðinn ekki bara einn stór misskilningur og tímaskekkja sem hefur afsannað sig og gildi sitt fyrir umheiminum með stanslausri boðun sinni á því hvað Biblían, Orð Guðs, segir um mál líðandi stundar? Hefur trúboðið hvort eð er ekki mistekist?

„ Því að þann tíma mun að bera, er menn þola ekki hina heilnæmu kenning, heldur hópa þeir að sér kennurum eftir eigin fýsnum sínum til þess að heyra það, sem kitlar eyrun. Þeir munu snúa eyrum sínum burt frá sannleikanum og hverfa að ævintýrum. En ver þú algáður í öllu, þol illt, gjör verk trúboða, fullna þjónustu þína. Nú er svo komið, að mér verður fórnfært, og tíminn er kominn, að ég taki mig upp. Ég hef barist góðu baráttunni, hef fullnað skeiðið, hef varðveitt trúna. „ (2Tím 4:3-7)

Sá tími er núna að menn, margir hverjir, þola ekki Orðið. Þetta sjáum við víða í samfélaginu að allskonar hópar spretta upp sem tala niður til Orðsins kirkjunnar og kirkjulegs starfs og þeirra sem boða trúna á hinn upprisna Son Guðs af hreinu og göfugu hjarta. Þeir vilja þetta burt frá sínum augum og helst út í hafsauga og láta allt sökkva þar.

Yfir slíkum skoðunum er andi villunnar sem ávallt og frá fyrstu tíð hefur komið gegn öllu sem er Guðs og Guðleg viska. Afl sem ávallt notfærir sér veikleika mannsins í holdinu til að koma fram sínum glimmer klædda boðskapi með engu innihaldi. Og illskan í samfélaginu veður uppi sem aldrei fyrr og fer vaxandi og er um leið tímanna tákn og skír ábending um að það styttest í endurkomu Drottins.

Þetta eru staðreyndir sem allir sem vilja sjá með sínum eigin augum. Menn með sjáandi augu sjá hvernig þjóðfélagið verður æ ofbeldisfyllra. Meiri vopnaburður manna segir og sína sögu. Að bera á sér vopn bendir á ótta í hjartanu. Vopnaburður hins almenna manns stafar af ótta hans um ógnir og árásir. Hann veit ekki að með Drottni og í Jesús er honum engin hætta búinn. Þetta hefur ekkert breyst:

„ Ef þú mæðist af því að hlaupa með fótgangandi mönnum, hvernig ætlar þú þá að breyta kapphlaup við hesta? Og ef þú ert aðeins öruggur í friðuðu landi, hvernig ætlar þú þá að fara að í kjarrinu á Jórdanbökkum? „ (Jer 12:5)

Hér hvetur Drottinn fyrir munn Jeremía menn til að þrauka og vera karlmannlegir og upplitsdjarfir og hvika hvergi frá eigin sannfæringu. Trúboðinn talar um þörf mannsins fyrir Drottin sem gefur allan styrk sem honum er nauðsýnlegur í hvaða aðstæðum sem hann kann að vera í.

Full þörf er fyrir inngrípi lifandi Guðs. Án Guðs og gefandi kærleika hans verður manneskjan grimm og ill og miskunnarlaus og ekki hugsandi um aðra heldur einvörðungu sig sjálfa. Að fá engan kærleika frá neinum en bara stanslaust niðurrif og barmsíðar, hvort heldur sem er andlegar eða líkamlegar, gerir manninn svona illan. Hann er skapaður til að vera umvafinn elsku en fær ekki vegna þess að hann leitar hennar ekki á réttum stöðum né heldur fer til hans sem er gegnheil elska og sannur kærleikur. Jesús Kristur einn hefur nægan kærleika sem hver maður getur leitað í og þráir að vera innanum.

Trúin á Krist breytir stöðunni. Trúboðinn færir fólki þessi skilaboð með vinnu sinni á akrinum. Trúin fær manninn til að líta af sjálfinu og yfir á hag náungans og upp er kominn ný og betri staða sem gerir allt líf fólks betra og umhverfið sömuleiðis þægilegra að lifa í. Þar sem áður var ósætti er nú orðið friðsælt um að litast og menn ganga samstíga í stað endalausra átaka áður. Allir vilja þetta. Engin spurning er um það. En getum þó ekki gerst með Krist útrekin úr veru okkar og ákvarðanatöku. Kristur er nefnilega aðilinn sem kemur á góðu lífi og setur manninn í jafnvægi andlega og líkamlega séð. Og þegar þessir punktar eru til staðar kemur margt annað af sjálfu sér sem okkur kemur til með að líka vel.

Við sjáum að trúboð er nauðsýnlegt. Og svo verður áfram. Kristur er enn ekki kominn til baka að sækja sinn lýð til fundar við sig í loftinu. Eftir að sá stóratburður sögunnar er yfirstaðin hættir allt trúboð sjálfkrafa á jörðinni. Engin verður eftir til að stunda trúboð. Allt trúað fólk sem hér er nú verður þá farið til þessa fundar í loftinu. Sá eða sú sem jatar nafnið Jesús á þeim tímum, tíma antikrists í þrjú og hálf ár, gerir það án hjálpar Heilags Anda og verndarinnar sem nú stendur mönnum til boða og Andi Guðs á jörðinni sér um. Andinn Heilagi fer með fólkinu til fundarins sem Drottinn boðar til í loftinu:

„ Síðan munum vér, sem eftir lifum, verða ásamt þeim hrifnir burt í skýjum til fundar við Drottin í loftinu. Og síðan munum vér vera með Drottni alla tíma. „ (1Pess 4:17)

Ljóst er að á jörðinni verða eftir fullt af fólki sem ekki vildi hlusta né heldur taka afstöðu með Drottni og voru því skildir eftir og þurfa fyrir vikið að horfa upp á illskuna flæða yfir líf sitt og sinna í öllu sínu veldi og hvolfast yfir með öllum sínum gífurlega og miskunnarlausu þunga. Við þessum hræðilegu hlutum vill Jesús verja okkur og bíður okkur tækifæri að koma til sín núna á meðan enn er dagur og vera með í burthrifningin. Orðin „ Á meðan enn er dagur „ eru fyrirheiti Drottins um ákveðna og skilyrðislausu vernd yfir fólkinu sem Drottinn hefur samþykkt inn í sitt ríki. Dagurinn er náðartími Drottins. Þessi dagur er núna og ástæðan fyrir að trúboðinn starfar núna.

Orðin „ Á meðan enn er dagur “ - er hvatning til hinna trúuðu að starfa og láta ekki deigan síga. Fólkinu stendur lausnin til boða og er eitt af því sem trúboðin talar um við fólk og alla sem heyra vilja. Vitandi sem er að ef við þegjum þá munu steinarnir hrópa og fuglarnir láta vita og tré merkurinnar sömuleiðis um almáttugan Guð.

Fyrir nokkrum mánuðum fékk höfundur opinberun í draumi sem hann sjálfur er viss um að tilheyri burthrifningunni. Skoðum það:

### **„ Opinberun í draumi.**

Sett á blað 15 júní 2008.

*Nú skal greint frá draumi sem höfundi dreymdi á vordögum 2008.*

*Draumurinn var á þá leið að höfundi fannst hann vera á gangi eftir ákveðinni götu í ákveðnum bæ á Íslandi og á leið þangað sem honum hafði verið stefnt. Engin efi var í hjarta hans. Hann vissi að fundurinn við Drottinn í loftinu var framundan. Hann gekk hægra megin eftir þessari götu og mætti fullt af fólki sem flest var grandalaust og hafði greinilega ekki neina hugmynd um hvað var að gerast. (Þessi dagur var í engu frábrugðin öðrum dögum hjá því. Það þekkja ekki allir Jesús og því útilokað að það viti hvenær Jesús kemur yfir það og kallar til síns fundar.)*

*Á einum stað á þessari leið og vinstra megin á götunni voru múslímar staddir. Kuflarnir og höfuðklútarnir sem þetta fólk klæddist gerði honum kunnugt um hveðrar trúar fólkið var. En svona klæðnaður er algengur í múslímsku löndunum. Augljóst var að múslímarnir skynjuðu eitthvað skrítið í loftinu en gátu engan vegin vitað hvað þetta var né heldur hvert þeir ættu að fara. Það sem hann sá*

var örvænting og handapat á meðal þeirra en engin svör. Þeir báðust fyrir liggjandi á hnjánum á litlu teppunum sínum eins og þeim hefur verið kennt og hrópuðu upp til Allah. En bænin gaf þeim engin svör og þeir voru jafn ráðvilltir og skelfdir eins og áður.

Höfundur gekk áfram fullviss um hvað væri í gangi. Til fundar við Drottinn í loftinu.

Næsta sem gerðist var að hann var staddur inn í einhverskonar fari sem átti að flytja fólkið til fundarstaðarins í loftinu.

Inni í þessu fari var mikið af fólki. Allskonar fólki. Ungu fólki. Miðaldra fólki. Gömlu fólki. Börnum sem léku sér á gólfunum. Allir vissu upp á hár hvað til stóð og hví þeir voru þarna.

Til hans kom kona sem hann þekkti ekki. Hún eins og aðrir var með það á hreinu hvað var í gangi. Hún vatt sér að höfundi og sagði:

„ Ég verð að fara og sækja háskólaprófin mín. Ég verð að hafa með mér háskólaprófin. „

„ Til hvers? „ – sagði höfundur:

„ Engin þörf verður fyrir þau þangað sem við erum að fara. „

En konan staglaðist á þessu sama og virtist vera tilbúin að taka áhættuna af því að fara út úr farinu til að sækja prófskírteinin. Höfundur veit ekki hvort af þessu varð hjá henni eða ekki. Og honum varð hugsað til þess hvort menn á þessum afdrifaríka stað héldu virkilega ennþá í sínar hégómlegu hugsanir eins og próf og einhverjir titlar í heiminum andspænis svo merkilegum atburði og hver kristin maður raunverulega er að bíða eftir. Biblían boðar þetta og kristnir menn vita að Biblían segir þeim sannleikann.

Höfundur stappaði niður fæti og sagði við sig sjálfan:

„ Það er að gerast. Þetta er augnablikið. Stundin. Það var þá satt sem Biblían hefur talað um í aldir. Það er að gerast. Það er að gerast. „

Farið virtist gríðarlega stórt og að minnsta á kosti tveimur hæðum. Hann sá mann hlaupa upp stigann upp á efri hæð. Og þekkti hann þennan mann og var sá eini í hópnum sem hann bar kennsl á, án þess þó að það í sjálfu sér segi neitt. Og hér lauk draumnum.

Eftir þetta er ég sannfærður um að þegar þessi stund gerist og kallið kemur verða menn handvissir. Engin efi í vakandi hjarta. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að haldast vakandi frá degi til dags og öllum stundum. Engin veit nefnilega tímann nema Guð einn. Eina sem maðurinn fær gert er að trúá fram og veiklast ekki.

Drottinn lagði á hjarta mitt að deila þessu með ykkur í þeirri trú að vitnisburðurinn bæði uppörvi og hvetji til áframhaldandi vöku og styrks í vorri trú.

Ég leggur við drengskap minn og kalla sjálfan Drottinn mér til vitnis að það sem hér er greint frá er vitnisburður kominn beint frá háseti lifandi Guðs.

(PS: Mig langar til að bæta ögn við þetta sem að ofan er sagt. Fram kemur að ég gekk eftir götu í ákveðnum bæ. Það sem vakti athygli mína var að engin sem var þar á ferli virtist veita mér athygli eða sjá mig. Þótt ég sæi alla sem voru á ferðinni virtist annað gilda um fólkið á svæðinu. Þótt

maður geri sér ekki alveg grein fyrir þessu virðist svo vera að ég hafi þarna verið í anda mínum ekki holdi.

*Farið sem einnig kemur til sögunnar er að mínu áliti aukaatriði. Aðalatriðið er þessi fullvissa mín og annarra sem þar voru um að ferðin til fundar við Drottinn væri framundan. Það er aðalatriðið. Gerum hjörtun klár og verum staðföst í trú vorri. Jesús er raunveruleiki. Orð hans standa. Amen.)*

*Ritningarvers:*

**"-50- En það segi ég, bræður, að hold og blóð getur eigi erfð Guðs ríki, eigi erfir heldur hið forgengilega óforgengileikann. -51- Sjá, ég segi yður leyndardóm: Vér munum ekki allir sofna, en allir munum vér umbreytast -52- í einni svipan, á einu augabragði, við hinn síðasta lúður. Því lúðurinn mun gjalla og þá munu hinir dauðu upp rísa óforgengilegir, og vér munum umbreytast. "** (1Kor 15:50-52)

*Kveðja Konráð Rúnar Friðfinnsson trúboði. „*

Drottinn unir sér engrar hvíldar og vinnur nótt sem nýtan dag til að sækja þá sem hann vill sjálfur fá inn í sitt ríki. Og þess vegna biðjum við fyrir ástvinum okkar og öllu fólki í því trúartrausti að Drottinn heyri bænir og líki vel bænir sem beðnar eru af hreinu hreintrúar hjarta. Drottinn á marga slíka á jörðinni í dag. Þetta fólk er sístarfandi og síbiðjandi fyrir öllu Guðs verki. Þetta er fólk sem heldur Guðs verki gangandi á jörðinni og gefur þeim kraft, kjark og tilgang til að starfa ótrauðir í framlínu átakanna að vilja Guðs. Engin endist lengi í þessari framvarðasveit nema Drottinn sjálfur setji hann þar. Framvarðarsveitin starfar ekki í sínum eigin krafti heldur í styrk þeim sem Drottinn gefur sem einungis fæst með auðmýkt mannsins og krömdu hjarta. Þetta kann að hljóma ankannalega í eyrum heimsins sem sífellt dáir og dýrkar hetjuna sem ræður við alla og gengur óhræddur að hverri ógn og sigrar hana með vöðvaaflinu einu. Hinn trúaði veit að til að Drottinn fái starfað beygir hann sig fyrir honum og sér hann þá sjálfan æða fram. Þannig upplifir hann hvern sigurinn fatur öðrum og er í með ástæðan fyrir að trúboð er gerlegt

Í trúnni fær óvinurinn ekki staðist. Hann flýr trú mannsins og Orðið sem býr í hjarta hans með skottið á milli fótanna og maðurinn sér undir yljár hans hlaupandi inn í myrkrið. Sem er hans staður.

Í gegnum tíðina hefur íslensk þjóð átt marga frækna menn og konur sem lögðu mikla vinnu á sínar herðar til að landinn fengi að heyra um Jesús og fagnaðarerindið. Þetta voru trúboðar og forverar þeirra manna og kvenna sem nú gegna þessu embætti og eru uppi og vinna á sama akri og þessi trúboði starfaði á. Allt vegna þess að Jesús lifir. Hann ER. Maðurinn sem hér er nefndur til sögunnar er Einar Jochumsson f.1842 - d.1923, bróðir séra Matthíasar Jochumssonar, sem er svona betur þekktur á meðal þjóðarinnar.

Í fórum höfundar er stutt frásögn af téðum Einari sem við skulum heyra:

### **„ Greitt fyrir trúboða**

*Einar gamli Jochumsson, bróðir Matthíasar skálds, var, sem kunnugt er, predikari og trúboði. Hann fór um allt land og boðaði trúarbrögð sín, sem hann taldi hin einu sönnu. Ekki var honum vel við prestanna. Taldi þá spilla allri kristni í landinu. Þeir sögðu hins vegar, að Einar væri ekki með öllum mjalla, en aldrei varð úr því skorid, hvor aðilinn hefði rétt fyrir sér. Einar var mesti heiðursmaður, sem allir vildu greiða fyrir og var alls staðar vel séður.*

*Stundum fór hann ríðandi um sveitir og hafði þá tvo til reiðar. Einu sinni var hann um haust staddur í Stykkishólmi með kláranna sína og ætlaði á þeim alla leið til Reykjavíkur, en þaðan í trúboðserindum austur um Árnes- og Rangárvallasýslur. Þá kom „Sterling“ þar á leið suður, og*

*frétti Emil Nilsen um ferðalag Einars gamla. Hann sendi mig ( Oscar Clausen) þá til gamla mannsins til þess að bjóða honum ókeypis far með skipinu til Reykjavíkur fyrir hann og hestanna. Þetta þá Einar fegins hendi. Komst hann fyrir bragðið með klárana óslúskaða til höfuðstaðarins og ferðaðist svo austur í sýslur og dreifði þar „Ljósinu! Sínu á bæina, en svo hét trúmálarit hans. „*

*Úr bókinni Á Fullri ferð eftir Oscar Clausen útgefinni 1959 bls 214- 215.*

Af frásögunni sjáum við að Einar þessi var maður verkanna og tilbúinn til að stíga út í köllun sína og erfiða. Hann var í hjarta sínu trúboði og vissi hvað þjóð sinni væri fyrir bestu og lagði sitt á vogarskálarnar. Á herðum og erfiði slíkra manna byggjum við sem nú erum uppi. Þessir menn plægðu jörðina fyrir komandi kynslóðir. Slíka menn höfum við í heiðri. Enda sannar hetjur eins og allt fólk sem framgengur og lifir í sannleika Jesús Krists og er tilbúið til að fara um vegi og vegleysur svo að aðrir mættu eignast sama og það sjálf á. Um tímann sem verkið tekur er ekki spurt. Ekki heldur eigin aðstæður. Vilji Guðs gengur fyrir. Hann skal ráða. Og árangur er af öllu erfiðinu. Jesús er með og fer í fararbroddi. Trúin er aflið sem knýr trúboðann áfram. Enda allt af kærleika Krists og engu öðru.

Endum á nokkrum stökum eftir Einar Jochumsson:

### **Friðrik, vertu frjáls og trúr**

fræðaranum besta;  
Notaðu kjarnann aðeins úr  
orðaskvaldri presta.

### **Einar slítur af sér band**

ekki presta hræðist grand  
reiðir andans ógnar brand  
er að kristna þetta land.

### **Lofið honum Ara inn**

elskulegu vinir.  
Það er mesta þægðarskinn  
(og) þingmaður sem hinir

### **Vaka sérðu þrá til þín**

þekkir gerð og litinn  
því að ferðafötin mín  
fara að verða slitin.

### **Verkin byggj á trúnni**

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

Skylda skátanna er að gera eitt góðverk á dag og færa verk sitt til bókar og sína leiðtoga sínum á næsta skátafundi bókfært afrekið og fá í staðinn klapp á bakið og stjörnu í kladdann.

Að hvetja sína menn til góðverka er gott og allt saman það. En gildir ekki í augum lifandi Guðs. Eina sem er gilt og nógu gott hjá mannum frami fyrir honum er trúin á upprisinn Jesús Krist, hvort sem mönnum lætur slíkt ljúft eða leitt í eyrum.

Jesús er sá sem sendur var til að bera burt syndir alls lýðsins og opna veginn og gera hann færan fólki til að komast heim. Engum manni er fyrirfram hafnað. Sérhver heiðingi hefur möguleika að fá sig græddan við náttúrulega stofninn, fyrriheiti Ísraelsmanna, en þó einvörðungu sem villiviður. Fyrir trú og að á stunda sína trú í heiðarleika og samkvæmt vilja Guðs nýtur hann frelsisverksins til jafns við frelsaða Gyðinga. Því miður eru ekki allir Gyðingar enn komnir inn með tölu. En fyrirheitin í Biblíunni eru samt þeirra og það verður ekki frá þeim tekið:

**„Hvað um það, þótt nokkrir hafi reynst ótrúir? Mundi ótrúmennska þeirra að engu gjöra trúfesti Guðs? „ (Róm 3:3)**

Guð er sannorður og við getum treyst því sem hann ber á borð fyrir okkur. Víst er um það.

Að taka við Jesús er kosturinn sem okkur er boðið og er um leið er himneskur kostur. Góður kostur fyrir manninn að gera að sínum. Enda óaðfinnanlegur og eina færa leiðin:

**„ Hann skipaði og dómara í landinu, í öllum víggirtum borgum í Júda, í hverri borg. Og hann sagði við dómara: Gætið að, hvað þér gjörðið, því að eigi dæmið þér í umboði manna, heldur Drottins, og hann er með yður í dómum. Veri þá ótti Drottins yfir yður, hafið gát á breytni yðar, því að hjá Drottni, Guði vorum, er ekkert ranglæti eða manngreinarálit, né mútur þegnar. „ (2Kron 19:5-7)**

Á vegi Drottins gengur engin maður einn heldur í samfylgd hans sem bjó veginn til. Hann sér sjálfur um að setja um manninn alla nauðsýnlega vernd sem er um leið hinn fullkomna vörn gegn ágangi Satans, erkióvini allrar sköpunar Guðs frá fyrstu tíð. Englaverndin umhverfis hvern manna er 100% örugg. Jesús skipaði sjálfur svo fyrir. Allt er þetta frá Jesús komið en engum manni né heldur neinu öðru afli, hvorki á himni né jörð. Jesús heitir hann.

Satan er óvinur og sá sem varast skal en ekki fólk og allra síst systkini í trúnni sem daglega berjast í sinni trú og þurfa að hafa fyrir hverju skrefi sem þau stíga. Og þar er ekki farið í manngreinarálit. Þar standa allir menn jafnfætis. Vegna trúar sinnar fylgja þrautir öllu trúuðu fólki sem líða á margan hátt vegna sinnar trúar. Það sem ég og þú þjáumst fyrir og stynjum undan og kvörtum yfir og látum jafnvel bugast af er víst að milljónir bræðra okkar og systra reyna sömu þraut og hugsanlega einnig á svipuðum tíma. Þetta er hollt hverjum manni að hafa í huga og gleyma ekki þegar þrautirnar virðast ætla að keyra trúna í kaf:

**„ Auðmýkið yður því undir Guðs völdugu hönd, til þess að hann á sínum tíma upphefji yður. Varpið allri áhyggju yðar á hann, því að hann ber umhyggju fyrir yður. Verið algáðir, vakið. Óvinur yðar, djöfullinn, gengur um sem öskrandi ljón, leitandi að þeim, sem hann geti gleypt. Standið gegn honum, stöðugir í trúnni, og vitið, að bræður yðar um allan heim verða fyrir sömu þjáningum. En Guð allrar náðar, sem hefur kallað yður í Kristi til sinnar eilífu dýrðar, mun sjálfur, er þér hafið þjádust um lítinn tíma, fullkomna yður, styrkja og öflugra gjöra. „ (1Pét 5:6-10)**

Hér sjáum við þetta svart á hvítu að menn hvar sem er í heiminum ganga í gegnum samskonar þrautir og við sjálf. Svona vitneskja gæti vakið okkur til að sýna nauðsýnlega samstöðu og til að stunda stöðuga fyrirbæni fyrir öðrum trúuðum þegar við vitum hvað er í gangi og við reynum svo oft á okkar eigin skinni. Maður styður mann. Maður hjálpar manni. maður biður fyrir manni. Sjálfur með hold og blóð sem streymir um æðarnar og heldur í honum lífinu. Við sitt eigið hold glíma allir menn. Holdið framkallar allskonar þjáningar. Á sama tíma gleðst andi mannsins sem endalaust horfir á



Drottinn, a sigurinn, á ríki Guðs í eilífðinni. Þjáningin er fær um að draga manninn nær Drottni Jesús.

Tilgangur er með öllu í ranni Guðs. Og sé rétt að staðið getur slík fullvissa aukið trú mannsins og kærleika hans til systkina sinna sem einnig þjást á sinn hátt og ekki meira lagt á einn heldur en annan. Væru hörmungar mannsins lagðar á vogaskál og vegnar og metnar út frá þjáningunni og neikvæðri reynslu hvers og eins manns er álitamál hver þá hlyti sigur. Í þá neikvæðum skilningi og miðað við uppsetningu málsins. Allt fólk á sína góðu daga og allt fólk upplifir hörmungartíð í sínu lífi. Þarna er engin maður undanskilinn. Ekki nokkur sála. Að halda öðru fram er beinlínis rangt og byggt á dómhörku að mestu leiti:

**„ og vitið, að bræður yðar um allan heim verða fyrir sömu þjáningum. “** - segir Biblían og við vitum að Biblían mælir sannleikans Orð.

Biblían talar um að kærleikur flestra muni kólna og sé svona eitt af mörgum endatímatáknnum sem okkur er gefið. Haldi menn að kólnandi kærleikur teygi sig ekki til kirkjunnar vaða þeir reyk. Og hvað er það annað en kólnandi kærleikur þegar og ef föllnum bróðir eða systir er ekki rétt hjálparhönd og fólkinu aftur hjálpað upp á fæturna? Þarna hefur söfnuðurinn oft sýnt sig veiklundaðan. Er þetta ekki eitt af því sem kirkjan stendur andspænis í dag og birtist okkur kannski oftast og mest í öllum þessum móðgunum sem í gangi eru sem hindra trúargöngu fjölda manna sem hætta að sækja safnaðarsamkomur sínar? Allt vegna þess að menn gleyma að gæta orða sinna í nærveru sálar sem er brotinn og ofurviðkvæm akkúrat er orðin bærust henni. Engin veit hvernig manneskjinni lýður né hvað hún hefur þurft að þola og upplifa í deginum og hvað það er sem angrar huga hennar er hún kemur til sinnar kirkju. Nærgætni í til að mynda orðavali forðar mörgum skaðanum. Allt fólk getur tamið sér slíkt.

Tungan bræður og systur sem ógætlega er farið með er mesta skaðræði og ekki að furða að um hana sé sértaklega fjallað. Skoðum það:

**„ Þannig er einnig tungan lítill limur, en lætur mikið yfir sér. Sjá hversu lítill neisti getur kveikt í miklum skógi.**

**Tungan er líka eldur. Tungan er ranglætisheimur meðal lima vorra. Hún flekkar allan líkamann og kveikir í hjóli tilverunnar, en er sjálf tendruð af helvíti. „** (Jak 3: 5-6)

Vel má segja að allar söfnuðir bæði hér og erlendis glími við slíka hluti hjá sér án þess að hafa nein ráð sem duga annan en að brýna söfnuðinn stöðuglega og ítrekað til að ástunda kærleika og meira af honum heldur en minna og gleyma ekki trúnni og Kristi í erli daganna. Og hvað sagði ekki Jesús?:

**„ En ég segi yður: Hér er meira en musterið. Ef þér hefðuð skilið, hvað felst í orðunum: Miskunnsemi vil ég, ekki fórnir, munduð þér ekki hafa sakfellt saklausa menn. Því að Mannssonurinn er herra hvíldardagsins. Hann fór þaðan og kom í samkundu þeirra. „** (Matt 12:6-9)

Eitt af mörgum vandamálum sem við er að eiga eru þessi endalaus lögmál sem menn reyna að hvolfra hvorn yfir annan.

„ Ef þú hlustar á Pink Floyd þá gerist þetta eða þetta hjá þér. „ Ef og ef og ef og ef þá mun þetta og þetta og þetta eiga sér stað.

Hér er ákveðið vandamál á ferðinni sem kemur þegar brjóstmylkingar í trúnni byrja að leiðbeina hverjir öðrum um trúargöngu annarra manna án þess að hafa til þess nægjanlegan þroska enn sem komið er. Betra væri að treysta bara Drottni fyrir mannum sem mun stýra honum áfram og til

heilla og einbeita sér að því að ná sjálf/ur sem mestum þroska. Og slíkt kemur með ástundinni einni.

Pink Floyd er hér nefndir. En þeir eru vitaskuld aukaatriði. Enda verið að benda á ráðin sem menn gefa stundum sem í raun hafa ekki næga þekkingu á viðfangsefninu. Oft vegna ungs aldur í trúnni eða þá að menn hafa aldrei lagt almennilega rækt við sína trú og eru endalaust að drekka mjólk og eta barnamat en telja sig samt færa um að leiðbeina öðrum á þeirra trúargöngu. Allt svo sem í góðum tilgangi en ekki með visku. Þetta hefur burði til að binda nýfrelsaðan mann í lögmál sem Kristur kom til að leysa hann undan og gera frjálsan. Já, það fylgir því frelsi að vera með Jesús. Hugleiðum svolítið hvað orðið frelsi merkir og hvert innihald orðsins er fyrir trúað fólk

Með aukinni þekkingu á fræðunum og vexti í trúnni hverfa Pink Floyd og önnur heimsins átrúnaðargoð út af borði trúaðs manns sem vill ná eðlilegum vaxtarhraða á sinni trúargöngu og þetta spilar ekki frammar neina rullu í lífinu. Vöxtur trúarinnar fæðir þetta fram þegar hann sjálfur vill og er ekkert sem við þurfum neitt sérstaklega að vera að hafa áhyggjur af. Jesús sér um þá sem hann hefur að sér tekið.

Höfundur getur sjálfur vitnað um þessa hluti í eigin lífi. Allar þessar heimsins hljómsveitir sem áður heilluðu hann og hann gaf töluvert af tíma sínum í að hlýða á eru horfnar úr hillunum fyrir margt löngu og án þess að nein söknuður sé í hjartanu vegna þeirra. Er enda fullkominn friður yfir gerningnum og hefur verið frá fyrstu tíð. Engin maður kom í raun að þeirri ákvörðun þótt sumum sem sáu staflann yrði stundum starsýnt á bunkann og hefðu uppi gagnrýni á hlustendastefnu höfundar. En á tíma Drottins þá gerðist þetta. Í sömu hillum í dag eru kristilegir tónar. Ef undan er skildir Bítlarnir sem enn fá að vera á sínum gamla stað og engin áform um annað. Guð einn getur breytt því. En hann skal fá að ráða. Eitt Orð frá honum og Bítlarnir heyra sögunni til í hjarta höfundar:

**„ Því að hann er vor friður. Hann gjörði báða að einum og reif niður vegginn, sem skildi þá að, fjandskapinn milli þeirra. Með líkama sínum afmáði hann lögmálið með boðorðum þess og skipunum til þess að setja frið og skapa í sér einn nýjan mann úr báðum. Í einum líkama sætti hann þá báða við Guð á krossinum, þar sem hann deyddi fjandskapinn. Og hann kom og boðaði frið yður, sem fjarlægir voruð, og frið hinum, sem nálægir voru. Því að fyrir hann eigum vér hvorir tveggja aðgang til föðurins í einum anda. „ (Efe 2:14-18)**

Eina lögmálið sem í gildi er þar sem Kristur er er lögmál friðarins. Treystum Drottni fyrir mönnunum. Enda maður til. Allt þarf að fá og líka hefur sinn tíma. Maðurinn byrjar að sleppa ýmsum hlutum frá sér sem tilheyra sínu gamla lífi eftir því sem trúin og þekkingin á Jesús og hið nýja í hjarta hans vex. Þá gerist þetta líka áreynslulaust og hann er sáttur við hafa að sleppt. Þegar menn eru að reyna þetta í eigin mætti í einhverjum " átökum "- sem sumt fólk er ítrekað að varpa sér út í, og án þess að Drottinn sjálfur hafi um boðið er eins víst að maðurinn sækir í þetta aftur vegna þess að hluturinn eða hvað sem þetta var sem hvarf fór bara úr hillunum eða úr geymslunni en varð eftir í hjartanu. Þetta heitir að skilja eftir eyðu sem ekki fyllist í nema skír og klár ákvörðun liggir fyrir hjá manningnum. Sé Drottinn með í verki að ekki sé talað um að gerningurinn sé að hans áeggjan hverfur þetta ekki bara úr hillunni heldur líka úr hjartanu og getur ekki lengur hindrað mikilvæga trúargöngu mannsins. Í stað átaka innra kemur fullkominn friður. Og í stað þess sem fór kom Jesús sjálfur og fyllti á með betri gjöf. Og engin eyða kom.

Það eru allar þessar eyður sem gera manninn svo órólegan og hann er ekki sáttur við framkvæmd sína. Hjartað fylgdi ekki með. En með Jesús gerist þetta í friði og spekt og er hvatning til manna um að þeir hafi Jesús með í öllu, bæði í stóru og smáu.

Afar mikilvægt er að skilja að allt hefur sinn tíma og að allir menn verði að fá að vaxa á sínum hraða. Er ganga trúarinnar enda einstaklingsbundin sem Jesús einn veit hvernig best er að haga.

Verk manna ein og sér, sama hversu stórkostleg, sama hversu mörgum milljónum þeim tekst að öngla saman í nýtsamlegri söfnun sem koma til með að hjálpa mörgum. Allt gott og gilt. En ekki í augum lifandi Guðs og ríki hans Guðslegu. Engum verður hleypt þangað inn fyrir dyr af verkunum. Bara því miður.

Allt fólk þarf fyrst að játa. Hversu mjög sem það kann að reynast manningnum erfitt að beygja sig þarna er þetta samt skilyrðið. Aðra leið hefur maðurinn ekki. Jesús er nafnið.

Ríki heimsins, sem allir fæðast inn í, og verkin sem heimurinn vinnur standast ekki andspænis Guði. Séu þau ekki í trú á Jesús sér Faðirinn þau ekki og eru honum heldur ekki velþóknanleg og hann getur ekki blessað slík. Augliti Guðs leitar engin maður nema fyrir trú sína á Jesús og í krafti Andans sem hann öðlaðist við endurfæðinguna og knýr hann og hvetur áfram.

Að fá blessun Drottins yfir allt sem maðurinn gerir er mikilvægt. En þetta getur ekki gerst nema fyrir trú. Og þá erum að mikilvægi trúarinnar í þessu öllu saman.

Verk sem unnin eru án hans vilja og án þess að til hans hafi áður verið leitað koma sjálfkrafa og meira og minna öll gegn Drottni og eru ekki blessuð verk. Allt sem lengi á að standa g líka stendur gerir það vegna blessunar Drottins. Menn hundska ekki sjálfan skapara himins og jarðar og vænast blessunar frá honum hvort sem eru fjárhagslegar eða annarskonar blessunar.

Ekki er samt svo að skilja að Drottinn blessi engan sem ekki trúir. Hann gæti vel gert slíkt og er hugsanlegur möguleiki. Guð er góður Guð. Þá fyrst og fremst fyrir bæn bænammenskunnar sem ótrauð það fyrir einstaklingum og því sem hann stússaðist við. Hugsanlegt er að Drottinn ljái máls á slíku. Engin önnur ástæða fær legið til grundvallar blessun Drottins fyrir vantrúaðan mann nema bæn trúaðrar manneskju berist Drottni fyrst til eyrna. En þetta breytir þó ekki hinu að menn sem ekki trúa geta vænst meðbyrs af Drottni til blessunar. Þótt slíkt sé ekki algerlega útilokað af ástæðum sem hér hafa verið tilgreindar og stafa af góðsemi Drottins til manna barna sem hann elskar og að hann er bænheyrandi Guð sem stendur ávallt við sitt. Bara lítið Mustarðskorn er nægjanleg trú fyrir Krist til að hann sé tilbúinn að veita trúnni í hjarta manneskju allt með sér og undanskilja þá ekkert. Svona er Guð.

Málið er einfalt. Það er ekki flókið. Maður sem ekki trúir er áfram undir syndinni og fremur synd hér og þar og mikið af synd á hverjum degi. Hann er ofurseldur myrkraöflunum og gerir vilja þeirra eins og verkast vill hverju sinni sem fá vegna vantrúarinnar starfað í holdinu og virkjað það að fullu sjálfu sér til framdráttar. Í eðli sínu er maðurinn illur. Eða í holdi sínu. Þetta viðurkennir Páll postuli. Skoðum það:

**„ Vér vitum, að lögmálið er andlegt, en ég er holdlegur, seldur undir syndina. Því að ég veit ekki, hvað ég aðhefst. Það sem ég vil, það gjöri ég ekki, en það sem ég hata, það gjöri ég. En ef ég nú gjöri einmitt það, sem ég vil ekki, þá er ég samþykkur lögmálinu, að það sé gott. En nú er það ekki framar ég sjálfur, sem gjöri þetta, heldur syndin, sem í mér býr. Ég veit, að ekki býr neitt gott í mér, það er, í holdi mínu. Að vilja veitist mér auðvelt, en ekki að framkvæma hið góða. Hið góða, sem ég vil, gjöri ég ekki, en hið vonða, sem ég vil ekki, það gjöri ég. „ (Róm 7:14-19)**

Hér bendir Páll á mannlegan veikleika sem allir kristnir menn glíma við en ekki heimurinn nema ef vera skildi gegnum eigin samvisku sem vaknar er og ef maðurinn breytir ranglega. Taki eftir þessu. Glíma við holdið hefst ekki hjá fólki fyrr en eftir endurfæðinguna og eftir að Orðið hefur tekið sér bólfestu í hjartanu og eftir að það er byrjað að starfa eins og því er ætlað að gera. Orðið heggur og sker. Orðið sannfærir mann um synd, réttlæti og dóm. Þegar þessi vitneskja upplýkst fyrir manningnum orsakar hún beina og viðvarandi glíma í trúuðu fólki sem heimurinn veit ekki um og hefur engan áhuga á. Enda ofurseldur syndinni sem gerir að verkum að útilokað er fyrir Guð að blessa

neitt þar. Nema þá hugsanlega í undantekningartilvikum og þá einvörðungu vegna bæna sinna manna.

Að biðja fyrir vantrúuðum er vilji Guðs. Þannig fjölgar smá saman fólkinu í hans húsi og fleiri eru á jörðinni til að gera vilja Guðs. Til að vera öruggur um blessun og mikið af blessun er best fyrir einstaklinginn að segja þetta litla tveggja stafa orð „**JÁ.**“ - og bíða ekki of lengi með það. „**Og þá mun yður veitast allt þetta að auki,**“ - segir á einum stað í helgri bók.

Sannleikurinn er að syndin er of alvarleg í augum Drottins til að hann geti meðtekið hana í einni eða annarri mynd. Syndin og syndugt líferni fólks verður að víkja til að náðin og kærleikur Drottins veitist fólki og víki ekki frá því og sé viðvarandi og örugg. Orðið segir sjálfst að allir hafi syndgað og skorti Guðs dýrð. Og hér er engin maður undanskilin né heldur nokkurt verk sem maðurinn vinnur. Sama hversu göfugt og gott verkið er.

Frelsisverkið sem Jesús vann á krossinn er lausnin.

Verk sem ekki eru unnin af trú á Jesús horfir Faðirinn ekki á. Verk unnin í trú á hinn upprisna eru Föðurnum velþóknanleg og hann mun veita slíkum allan hugsanlegan framgang og meðbyr.

Flækjum ekki málið. Hann heitir Jesús.

Guð blessi þig sjómaður góður. Amen.